

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársskýrsla
2012

Ritstjórn og uppsetning:

Hrönn Jónsdóttir

Prófarkarlestur:

Kristín Gunnarsdóttir

Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012

UMSB fékk 100 trjáplöntur í afmælisgjöf sem 9. bekkur í Grunnskólanum í Borgarnesi tók að sér að gróðursetja við Íþróttasvæðið í Borgarnesi



Efnisyfirlit:

Formáli sambandsstjóra	1
Stjórn UMSB og aðildarfélög sambandsins	2
Starf UMSB – frá framkvæmdastjóra	4
Afreksmannasjóður UMSB	5
Af íþróttamanni Borgarfjarðar	6
Skáknefnd UMSB.	7
Göngunefnd UMSB.....	8
Starfsskýrslur aðildarfélaga UMSB	9
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	9
Golfklúbburinn Glanni	10
Golfklúbbur Borgarness.....	11
Hestamannafélagið Faxi	15
Hestamannafélagið Skuggi	16
Ungmennafélagið Dagrenning.....	22
Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson.....	23
Ungmennafélag Reykdæla.....	24
Ungmennafélagið Skallagrímur	27
Badmintondeild	27
Knattspyrnudeild	28
Körfuknattleiksdeild	33
Leikdeild Skallagríms	37
Sunddeild Skallagríms.....	38
Ungmennafélag Stafholtstungna.....	39
Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar	41
Skotfélag Vesturlands.....	42
Íþróttamaður Borgarfjarðar 2012 og fleiri verðlaun	43
Ársreikningur UMSB 2012	45

Formáli sambandsstjóra

Enn eitt ár er liðið og í byrjun nýs árs er litið til baka og liðið ár skoðað og metið. Ársskýrslur félagssamtaka er sá vettvangur þar sem það er gert og lýsa skýrslurnar því hvernig árað hefur hjá viðkomandi félagi. Ársskýrsla UMSB samanstendur af skýrslum aðildarfélaga sinna sem eru flest íþrótta- og ungmennafélög í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Starfsemi aðildarfélagana hefur verið mikil og fjölbreytt eins og lesa má úr skýrslum þeirra.

UMSB varð 100 ára á liðnu ári og var haldin vegleg afmælishátíð 26 apríl í Menntaskóla Borgarfjarðar til heiðurs félaginu. Þar komu margir gestir sem heiðruðu UMSB á þessum tímamótum og voru félaginu færðar góðar gjafir og árnaðaróskir.

Afmælisár UMSB var nýtt til þess að endurskoða starfsemi félagsins með það að markmiði að styrkja starf þess. Það starf var unnið af krafti á haustmánuðum eftir að samningar tókust við Borgarbyggð um að vinna sameiginlega að stefnumótun í íþróttamálum og ráðinn var sameiginlegur verkefnisstjóri yfir stefnumótunarvinnuni. Kristmar Ólafsson var ráðinn til starfsins og stýrði hann þessu verkefni þannig að vinnan gekk mjög vel þar sem fjöldi fólks kom að því að móta nýja stefnu fyrir UMSB og Borgarbyggð. Formlegri vinnu við verkefnið lauk um miðjan desember með því að verkefnisstjórinn skilaði af sér sinni vinnu og núna á sambandsþingi UMSB 09.03. 2013 verður lögð fram til samþykktar tillaga að stefnumótun fyrir UMSB og samstarfssamningur um íþrótta- og tólmstundamál við Borgarbyggð. Það er trú mín að vel hafi tekist til með þessa vinnu og UMSB og aðildarfélögin muni stíga mikið framfaraskref með því að samþykkja stefnuna og samninginn við Borgarbyggð sem mun tryggja enn betur öflugt starf hreyfingarinnar í Borgarfirði.

Íslandi allt!
Sigurður Guðmundsson

Stjórn UMSB og aðildarfélög sambandsins

Stjórn UMSB 2012

Sigurður Guðmundsson, sambandsstjóri

Ásgeir Ásgeirsson, varasambandsstjóri

María Hlín Eggertsdóttir, ritari

Kristín Gunnarsdóttir, gjaldkeri

Aðalsteinn Símonarson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Þórhildur Þorsteinsdóttir, varamaður varasambandsstjóra

Flemming Jessen, varamaður meðstjórnanda

Friðrik Aspelund, varamaður ritara

Helgi Eyleifur Þorvaldsson, varamaður gjaldkera

Formenn aðildafélaga UMSB 2012

Dansípróttafélag Borgarfjarðar

storias@emax.is

Eva Karen Þórðardóttir

eva@vesturland.is

dib@dib.is

Golfklúbbur Borgarness

Ingi Árnason

ia@vegagerdin.is

Hestamannafélagið Skuggi

Stefán Logi Haraldsson

stefan@limtrevirnet.is

Golfklúbburinn Glanni

Snorri Þórðarson

snorrihordar@simnet.is

Skotfélag Vesturlands

Þórður Sigurðsson

Doddi76@simnet.is

Golfklúbburinn Skrifla

Einar Pálsson

nannaep@simnet.is

Ungmennafélagið Íslendingur

Helgi Björn Ólafsson

helgi@vesturland.is

Golfklúbbur Húsafells

Unnar Bergþórsson

unnar@husafell.is

Ungmennafélagið Skallagrímur

Kristinn Óskar Sigmundsson

Kiddo1@simnet.is

Hestamannafélagið Faxi

Kolbeinn Magnússon

Leikdeild Skallagríms

Jón Guðlaugur Guðbrandsson

nonnigulli@gmail.com

Sunddeild Skallagríms

Formaður: Jón Ásgeir Sigurvinsson
jonasgeir@gmail.com

Badmintondeild Skallagríms

Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir
Sigga.bjarna@badminton.is

Lyftingadeild Skallagríms

Þorvaldur Á. Kristbergsson
valdi.bolla@gmail.com

Körfuknattleiksdeild

Skallagríms

Björn Bjarki Þorsteinsson
Bjarki@vesturland.is

Knattspyrnudeild Skallagríms

Hilmar Már Arason
hilmara@grunnborg.is

Ungmenna- og íþróttafélag

Hvalfjarðarsveitar

Þórdís Þórisdóttir
Thordis.thorisd@gmail.com

Ungmennafélagið Dagrenning

Birta Berg Sigurðardóttir
birtabergsi@hotmail.com

Ungmennafélagið Egill

Skallagrímsson

Jóhann Pálsson
Einar Ole Pedersen
einarole@emax.is

Ungmennafélag Reykdæla

Hafsteinn Þórisson
brennistadir@emax.is

Ungmennafélag Stafholtstungna

Agnes Guðmundsdóttir
aggu@gbf.is

Ungmennafélagið Björn

Hítðalakappi

Sigurjón Helgason,
melur@emax.is

Starf UMSB – frá framkvæmdastjóra

Árið fór af stað með krafti. Formannafundur var haldinn í Reykholti í janúar þar sem stofnuð var svokölluð framtíðarnefnd en hún fékk það hlutverk að móta stefnu og framtíðarsýn sambandsins og kom nefndin með tillögu um hvernig staðið skyldi að því á sambandsþingi í mars.

Í febrúar var að venju haldin íþróttahátíð UMSB þar sem fjöldi krakka á aldrinum 16 ára og yngri kepptu í sundi og frjálsum íþróttum. Við þetta tækifæri var lýst kjöri á íþróttamanni Borgarfjarðar 2011 sem var að þessu sinni, líkt og árið áður, Bjarki Pétursson golfari. Alls voru 14 íþróttamenn tilnefndir fyrir 8 íþróttagreinir. Við sama tækifæri voru nokkrir sem fengu viðurkenningu fyrir að hafa hlotið Íslandsmeistaratitil í fyrsta sinn á árinu, fyrir afrek á héraðsmóti í sundi og frjálsíþróttum og fyrir bestu frammistöðu Borgfirðings í maraþonhlaupi. Í mars fór fram sambandsþing UMSB. Á þingið mættu 24 fulltrúar aðildarféлага sambandsins en á þinginu sóttu tvö félög um að gerast aðildarfélög UMSB. Annarsvegar var það Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi sem endurnýjaði aðild sína að sambandinu eftir að starf þess hafði legið niðri um nokkurt skeið. Hinsvegar var það nýstofnað Skotfélag Vesturlands. Bæði þessara féлага voru samþykkt með lófataki inni sambandið þó að það skilyrði væri sett að lög þeirra hlytu náð fyrir augum laganefnda UMFÍ og ÍSÍ. En þrátt fyrir ört stækkandi samband gekk illa að finna fólk í stjórn sambandsins svo að úr varð að fresta þurfti þingi þangað til fólk fyndist í þær stöður sem lausar voru. Að lokum tókst að manna stjórn sambandsins og komu ný í stjórn: Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri, Ásgeir Ásgeirsson varasambandsstjóri og Kristín Gunnarsdóttir gjaldkeri.

Í apríl fagnaði sambandið 100 ára afmæli sínu og bauð af því tilefni Borgfirðingum og öðrum aðstandendum sambandsins til feikna mikillar veislu þar sem ungir og efnilegir dansarar sýndu dansatriði, hæfileikaríkt söngfólk tók lagið og spilaði með auk þess sem Íris Grönfeldt, fyrrum héraðsþjálfari rifjaði upp gamla og skrautlega tíma. Margt góðra gesta kom til veislunnar og færðu margir sambandinu gjafir, allt frá stórum peningagjöfum til minni en þó hagnýtra hluta eins og skeiðklukkna. Meðal þessara gesta var Ófeigur Gestson, fyrrum sambandsstjóri en hann kom í pontu til að eggja sambandið til öflugra starfs og þá sérstaklega til að blása lífi í skáklíf í Borgarfirði. Gaf hann af því tilefni þrjá eignarbikara og einn farandbikar til að veita héraðsmeistara í hraðskák. Varð það til þess að seinna á árinu var stofnuð skáknefnd UMSB en sú nefnd, í þeirri mynd sem hún er í dag, skilar sinni fyrstu skýrslu hér seinna. Einnig fékk sambandið að gjöf 100 trjáplöntur frá Skógræktarfélagi Borgarfjarðar. Plöntunum var fundinn staður í kringum íþróttasvæðið í Borgarnesi í tilraun til að mynda skjól á svæðinu. Tók 9. bekkur Grunnskólans í Borgarnesi að sér að setja niður plönturnar og stóðu sig vel.

Sambandið stóð líkt og síðustu þrjú ár fyrir Frjálsíþróttaskóla. Skólinn er haldinn á frjálsíþróttavellinum í Borgarnesi og voru í ár 30 krakkar allstaðar af landinu þó að mest beri á Vestlendingum og Vestfirðingum. Frjálsíþróttaskólinn hefur verið góð blanda af æfingum og leikjum. Krakkarnir æfa í tveimur hópum yfir daginn en notuðu núna í ár restina af deginum í skoðunarferð um Borgarnes, heimsókn á Landnámssetrið og í sund. Á kvöldin er ýmislegt brallað og jafnan farið inni Einkunnir þar sem grillaðar eru pylsur yfir eldi og farið í leiki.

Í sumar fór einnig af stað svokallað SamVest samstarf sem felst í samstarfi héraðssambanda allt frá Kjalarnesi og vestur á sunnanverða Vestfirði. Samstarfið felst í því að vinna saman að eflingu frjálsíþróttaiðkunnar á svæðinu. Strax í sumar voru haldin tvö frjálsíþróttamót á Skallagrímsvelli, annarsvegar fyrir 11 ára og eldri og hinsvegar 10 ára og yngri. Voru mótin vel sótt og fóru vel fram í blíðskaparveðri. Í haust hefur SamVest hópurinn einnig staðið fyrir sameiginlegum frjálsíþróttæfingum bæði í Borgarnesi sem og í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Grunninn að þessu samstarfi má án efa rekja til sameiginlegra tjaldbúða á Unglingalandsmóti UMFÍ en í nokkur ár hafa UMSB, UDN og HSH átt sameiginlega stórt samkomutjald þar sem liðin koma saman eftir keppni dagsins og farið er yfir afrek dagsins yfir heitum bolla af kakó og heimabökuðum snúðum úr Dölunum. Á því var engin breyting nú í sumar á Unglingalandsmóti á Selfossi um verzlunarmannahelgina. Alls kepptu fóru 61 keppandi frá UMSB á mótið og stóðu þau sig öll vel en liðið kom heim með fjöldann allan af verðlaunum fyrir allskonar íþróttir. För krakkanna á Selfoss að þessu sinni styrkti Arionbanki og gaf öllum keppendum UMSB stuttermabol sem þau gátu keppt í.

Haustið fór að miklu leyti í vinnu í kringum framtíðarsýn UMSB. Haldnir voru 3 vinnufundir þar sem farið var ofan í saumana á því hvaða sýn fólk hefur á UMSB, hvaða hlutverki það gegnir eða ætti að gegna og hver gildi sambandsins ættu að vera. Margir mættu á fundina og varð úr stefnumótun sambandsins sem lögð verður fyrir sambandsþing UMSB 2013. Upp úr þeirri vinnu hófst vinna við samninga við Borgarbyggð um að UMSB þjónusti sveitafélagið þannig að sambandið sjái um afgreiðslu erinda er snúa að íþrótt og félagsstarfi. Var ráðinn verkefnisstjóri til sambandsins til að sinna vinnu við samningana og framtíðarsýn sambandsins en það var Kristmar Ólafsson sem tók að sér verkið.

Hrönn Jónsdóttir

Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á sambandsþingi í mars 2008 með framlagi frá Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórn sjóðsins skipa 3 einstaklingar sem kosnir eru á þingi UMSB á 2ja ára fresti. Frá upphafi hafa setið í stjórn sjóðsins Ingimundur Ingimundarson, Íris Grönfeldt og Rósa Marinósdóttir. Reglugerð sjóðsins kveður á um hvaða tekjur sjóðurinn hefur og má úthluta 75% af þeim á hverju ári. Á árinu 2012 hafði sjóðurinn 200.000 kr til úthlutunar sem voru 75% af tekjum ársins 2011. Alls bárust 9 umsóknir frá ungmennfélögum sem stunduðu hinar ýmsu íþróttagreinir s.s dans, körfubolta, sund, skák og golf. Þremur umsóknum var hafnað því stjórn sjóðsins taldi þær umsóknir ekki uppfylla skilyrði um úthlutun. 2 einstaklingar og 2 danspör hlutu úthlutun úr sjóðnum það voru danspörin Brynjar Björnsson og Helga Guðrún Jómundsdóttir, Erna Dögg Pálsdóttir og Ármann Hagalín Jónsson einnig hlutu styrk Tinna Kristin Finnbogadóttir fyrir skák og Bjarki Pétursson fyrir golf. Styrkur úr Afreksmannasjóði UMSB er ekki hár en er viðurkenning til þeirra sem hann hljóta fyrir afrek þeirra í sinni íþróttagrein. Mikil vinna og ástundun liggur að baki afrekum í íþróttum og þeir einstaklingar sem styrk hlutu eru vel að honum kominn. Hvetjum allt íþróttafólk til að stunda sína íþrótt af kappi og samviskusemi því æfingin skapar meistarann.

Íslandi allt

Rósa Marinósdóttir ritari Afreksmannasjóðs UMSB

Af íþróttamanni Borgarfjarðar

-Bjarki Pétursson, íþróttamaður Borgarfjarðar árin 2010, 2011 og 2012 segir frá:

Æfingar síðustu árin hafa verið í miklum mæli hjá mér, á sumrin er ég yfirleitt að æfa allan daginn og er þá komin upp á golfvöll á morgnanna um 10 leytið sirka og undir flestum kringumstæðum fer ég kannski heim 1 yfir daginn til þess að fá mér að borða en annars er ég allan daginn upp á golfvelli eða frá 10 og alveg fram á kvöld, svo æfingardagurinn minn er mjög langur á sumrin. Mikið er um mót utan Borgarness og þarf ég því að ferðast mikið á sumrin og spila og æfa mjög mikið á öðrum völlum sem ég er að fara að keppa á til þess að venjast aðstæðum þar sem best. Það hefur einkennt mig sem golfara að ég er mjög sjálfstæður og æfi mest megnis sjálfur eða með æfingafélaga mínum honum Arnóri Tuma sem er annar framtíðar golfari sem Borgarnes á.

Vetraræfingarnar hjá mér eru ekki í miklum mæli þessa stundina en ég er ný kominn heim úr svakalega góðri æfingarferð og tek ég núna sirka 15-20 klukkutíma á viku við golfiðkun og líkamsrækt fyrir golfið.

Ég kom nýverið úr æfingarferð frá Flórída en þar dvaldi ég í 11 daga við æfingar, á þessum 11 dögum æfði ég í sirka 100 klukkutíma ef við tókum allt inn í dæmið en það reiknaði ég til þess að sjá nákvæmlega hversu mikið ég væri að æfa og það voru nákvæmlega 8,3 klukkutímar á dag án líkamsræktar, og líkamræktin var yfirleitt 30-60 min á hverjum degi, þannig meðalæfingardagur hjá mér þarna úti hefur líklega verið 9 klukkutímar og er það mjög svipað og ég hef verið að æfa hérna heima á sumrin síðustu árin. Inní þessum 9 klukkustundum eru líka golfhringir svo það sé tekið fram. Á síðustu árum hef ég farið í u.þ.b. 2 æfingarferðir á ári og æft í svipuðum mæli og ég gerði núna í Flórída.

Það sem er á döfinni hjá mér er æfingarferð í byrjun apríl til Spánar með kennara mínum en ég verð þar í rúma viku. Er ég að vonast eftir því að vera valinn í verkefni fyrir Íslenska karlalandsliðið um miðjan maí til Írlands. Einnig þarf ég að fara sjálfur út í sumar að keppa.



myndin var tekinn þegar ég fór holu í höggi í sumar og setti svo vallarmet daginn eftir.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012

Markmið mín eru klárlega þau að komast í sem flest verkefni og efla reynslu mína og getu í golfi jafnt og þétt, komast svo sem fyrst út á styrkjum og reyna að verða atvinnumaður í golfi í komandi framtíð. Ég hef verið í landsliðinu undir 18 ára í 6 ár og er núna í undir 21 árs liðinu. Ég hef keppt 6 sinnum fyrir u18 hönd og 1 sinni fyrir A landslið karla. Ég hef farið í margar æfingarferðir eða um 10 ferðir frá því ég byrjaði í golfi.

Ég er í 1705 sæti á áhugamannalistaum í öllum heiminum en á þessum lista eru aðeins topp 7000 áhugamenn í heiminum. Þess má geta að það er talið erfitt að komast á listann hér á Íslandi. Ég er 9. af Íslendingunum sem er gott því flestir af þeim sem eru fyrir ofan mig eru stákar sem eru í háskóla og spila því talsvert meira.

Bjarki Pétursson Íþróttamaður Borgarfjarðar 2010-12

Skáknafnd UMSB.

Stjórn U.M.S.B. skipaði skáknafnd á árinu, eftirtaldir áttu þar sæti : Bjarni Sæmundsson, Finnbogi Leifsson og Finnur Ingólfsson. Á eitthundrað ára afmæli Ungmennasambandsins í apríl gaf Ófeigur Gestsson fyrrum sambandsstjóri, verðlaunagrip og var ætlun hans að efla með því skákliíf á sambandsvæðinu m.a. með því að komið yrði á árvissu hraðskákmóti, þar sem krýndur yrði hraðskákmeistari U.M.S.B.

Skáknafndin hefur haldið þrjá fundi, megin verkefnið var að vinna að skipulagi hraðskákmóts. Einnig var fjallað um önnur mál og hugsanlega viðburði sem mættu verða til að efla skákíþróttina, og huga þyrfti að í náinni framtíð. Má þar nefna skákæfingar og skákkennslu í grunnskólum ásamt æfingum fyrir áhugafólk almennt og mótahald. Rétt er að það komi fram að U.M.S.B. heldur úti skáksveit sem tekur þátt í sveitakeppni á landsvísu ,sveitin keppir í fjórðu deild og hefur verið þar í efri sætum.

Hraðskákmót U.M.S.B. fyrir árið 2013 var haldið 26.janúar s.l. í Borgarnesi og var öllum opið en einungis heimafólk átti möguleika á hraðskákmeistaratitli, keppt var í þremur flokkum, skáknafndin sá um mótshaldið, umhugsunartími var sjö mínútur á skák, tefldar voru tíu umferðir. Í opnum flokki sigraði Páll Sigurðsson Skákfélagi Garðabæjar, í kvennaflokki Tinna Kristín Finnbogadóttir U.M.S.B. í unglíngaflokki Ingibergur Valgarðsson Akranesi. Hraðskákmeistari U.M.S.B. varð Tinna Kristín Finnbogadóttir eftir sigur á Bjarna Sæmundssyni í einvígi um titilinn.

Skáknafndin þakkar þeim sem nefndin hefur átt samstarf við með ósk um að skákstarf á sambandsvæðinu muni eflast.

F.h. nefndarinnar, Finnbogi Leifsson

Göngunefnd UMSB

Á síðasta ársþingi UMSB voru skipuð í göngunefnd: Björg Kristófersdóttir, Friðrik Apelund og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Í aprílmánuði hittist göngunefndin á sínum fyrsta fundi með það veganesti frá UMSB um að fjall ársins yrði Foxufell í Hítardal og einnig að skipuleggja þyrfti gönguferð í tilefni afmælisárs UMSB. Út frá þessu var sumarið skipulagt.

Ákveðið var að ganga á 6 fjöll á fimmtudagskvöldum, tvisvar í mánuði í maí, júní og júlí. Fyrsta gangan var farin 10. maí þegar gengið var á Foxufell í Hítardal, síðan var gengið á Miðfellsmúla í Hvalfjarðarsveit, Svartatind í Rauðhnúkafjalli, Vikrafell, Tungukoll og að lokum Búrfell í Reykholtssdal.

Þátttakan í þessum göngum var mjög góð en í heildina voru ríflega hundrað þátttakendur í öllum göngunum til samans en fæstir gengu á Miðfellsmúla eða sjö en slök þátttaka var skrifuð á veðrið sem var með votara móti þetta maíköld. Flestir þátttakendur gengu á Tungukoll eða 26 talsins.

Þegar fjallaverkefninu var lokið og ágúst gekk í garð var farið að huga að afmælisgöngu UMSB en í þeirri göngu var sambandssvæðið þverað. Gengið var í fimm áföngum frá Hvalfjarðarbotni um Síldarmannagötur og alla leið vestur um Mýrar að Foxufelli í Hítardal þar sem kassinn með gestabókinni var sóttur enda var síðasti hluti göngunnar farinn 30. september. Dagleiðirnar fimm voru gengnar sunnudagana 12. og 19. ágúst, 9., 16. og 30. september. Í heildina gengu 54 manns í afmælisgöngunum, flestir gengu 3. hluta göngunnar eða 17 manns en þá var gengið frá Hvítárbrú við Ferjukot, vestur að Langá, upp að Grenjum og Grímsstöðum, fæstir gengu 2. hluta leiðarinnar eða sex manns en þá var gengið frá skátaskálanum í Skorradal að Hvítárbrú við Ferjukot.

Þrír þátttakendur í afmælisgöngu UMSB gengu alla hluta leiðarinnar sem samtals voru 102 km.

Það er óhætt að fullyrða að gönguverkefnin hafi gengið vel þetta árið og óhætt að segja að veðurguðirnir hafi verið okkur hliðhollir en það var suttbuxna eða peysuveður í öllum göngunum fyrir utan gönguna á Miðfellsmúlann og seinnipart fjórða hluta afmælisgöngunnar en þá komu regnjakkarnir sér vel.

Gönguferðir eru góðar fyrir líkama og sál og á því er enginn vafi, hópurinn sem gekk saman síðasta sumar samanstendur af ólíkum einstaklingum sem eiga þó þetta áhugamál sammerkt. Útivistin brúar oft bil sem er á milli hópa. Þessi hópur er nú þegar farinn að hlakka til næsta sumars með von um spennandi göngur, enn meiri þátttöku og það sem skiptir mestu, gott veður.

F.h. Göngunefndar, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Starfsskýrslur aðildarféлага UMSB

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar

Stofnað 2010

Stjórnina skipa:

Eva Karen Þórðardóttir, formaður
Guðrún Hildur Þórðardóttir, varaformaður
Guðrún Björk Friðriksdóttir, gjaldkeri
Lilja Björg Ágústsdóttir, ritari
Guðrún Elfa Hauksdóttir, meðstjórnandi

Til vara:

María Júlía Jónsdóttir
Dagný Hjálmarsdóttir

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar hóf þriðja starfsár sitt 2012. Félagar þess eru þeir nemendur dansskóla Evu Karenar sem eru að læra og æfa dans.

Dansmót

Félagið sendi fulltrúa á öll dansmót sem haldin voru innanlands og á þrjú dansmót sem haldin voru erlendis. Sem fyrr þá byrjaði keppnisárið með Reykjavíkurlíkunum. 11 pör fóru frá Dansskóla Evu Karenar og stóðu þau sig öll með stakri þrýði. Íslandsmeistaramótinu í 5 og 5 dönsum sem venjulega er í febrúar var frestað og því fengu félagar ágæta hvíld á milli Reykjavíkurlíkanna og Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum með frálsri aðferð sem haldin var í mars. Þrjú pör fóru til febrúar að keppa á hinu árlega móti Copenhagen Open.

Á Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum með frjálsri aðferð sem haldið var í mars fóru 12 pör. Besta árangri náðu þau Brynjar Björnsson og Helga Guðrún Jónmundsdóttir, en þau dönsuðu til úrslita og lentu í fjórða sæti. Ármann Hagalín Jónsson og Erna Dögg Pálsdóttir höfnuðu í 6. sæti.

Í apríl fóru tvö pör til Blackpool í Englandi að keppa. Alltaf er gaman að koma til Blackpool, því í þeirri keppni er landakeppnin svokallaða, en hún felst í því að pör frá mismunandi dansskólum keppa saman í einu liði fyrir landið sitt. Benjamín Karl Styrmisson og Birgitta Björnsdóttir voru eitt paranna sem valin voru til þess að koma fram fyrir Íslands hönd.

Íslandsmeistaramótið í 5 og 5 dönsum með frjálsri aðferð var svo loks haldið í lok maí. Samhliða því fór fram Íslandsmeistaramót í grunnsporum. Fimm pör náður sér í Íslandsmeistaratitla í grunnsporum, þau Elís Dofri G. Gylfason og Þórunn Birta Þórðardóttir, Þórunn Tinna Jóhannesdóttir og Elísabet Kristjánsdóttir, Sigurlaug Sól Guðfinnsdóttir og Bryndís Arna Bridde, Hanna Ágústa Olgeirsdóttir og Melkorka Sól Pétursdóttir og þau Þorkell Már Einarsson og Filippía Svava Gautadóttir. Síðasta mót ársins var svo Lottó Open, þar kepptu fyrir hönd félagsins 10 pör.

Allir félagar sem tóku þátt í dansmótum á árinu voru félaginu til sóma og stóðu sig afskaplega vel.

Önnur starfsemi

Félagið, í samvinnu við Dansskóla Evu Karenar og Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, stóð fyrir dansbúðum í maí. Þær fóru fram í Borgarnesi og enduðu á skemmtilegri sýningu fyrir gesti og gangandi.

Félagið stóð fyrir vorsýningu á Danshátíð í mars og einnig jólasýningu. Það er stefna félagsins að taka ekki gjald af þeim sem vilja koma og sjá og sem fyrr var gríðarlega vel mætt og sýningarnar flottar.

Félagsmenn Dansíþróttafélags Borgarfjarðar eru flestir undir 20 ára aldri, en mjög öflugur hópur sem gaman er að vinna með, og vill stjórnin nota tækifærið og þakka félagsmönnum fyrir frábært starfsár.

Guðrún Björk Friðriksdóttir
Gjaldkeri DÍB

Golfklúbburinn Glanni

Stofaður 2006

Framhaldsaðalfundur Golfklúbbsins Glanna var haldinn 30. janúar 2012 sem boða þurfti til vegna þess að rekstraraðaðilar frá opnun vallarins árið 2006 vildu losna undan rekstrinum. Á fundinum var ákveðið að golfklúbburinn taki við rekstrinum og stjórnin fékk fjóra félagsmenn til liðs við sig til vors. Það voru haldnir nokkrir stjórnarfundir fram á vor og eins voru mikil samskipti á netinu. Við vorum með fastann starfsmann á vellinum í júní, júlí og ágúst og Kaffi Munaðarnes rak golfskálann fyrir okkur. Svo gerðum við samning við Brynjar hjá Grastec, sem stjórnaði framkvæmdum og daglegum rekstri á vellinum. Rekstur vallarins gekk bara vel á síðasta ár og á aðalfundi 14. nóvember 2012 var ákveðið að halda rekstri golfvallarins áfram og tveir nýjir stjórnarmenn kosnir. Nýja stjórnin hefur haldið fundi á tveggja vikna fresti frá miðjum desember og ætlum við að halda því áfram fram á sumarbyrjun.

Golfmót sumarið 2012 voru:

Verkís (lokað mót), Öryggismiðstöð Íslands (lokar mót), Innkaupasamband Bakarameistara (lokað mót), Íslandsbanki (lokað mót), Jónsmessumót, Meistaramót GGB, Golfklúbbur Norðuráls (lokað mót), Ólafsfirðingamótið, GLR Golfklúbbur Lögreglunnar í Reykjavík (lokað mót), Oddfellow (lokað mót), Hollvinamót Bifrastar (lokað mót) Bændaglíma GGB.

Golfmót sumarið 2013: (sem er búið að ákveða.)

Íslandsbanki (lokað mót), Hollvinamót Bifrastar (lokað mót).

Félagar í stjórn 2012 voru:

Magnús Kristmannsson Formaður, Garðar Hilmarsson, Bergvin Magnús Þórðarson, Jónas Magnússon, Margrét Guðjónsdóttir. Varamaður Skúli Nielsen

Félagar í stjórn 2013:

Snorri Þórðarson Formaður, Garðar Hilmarsson, Kolbeinn Pálsson, Jónas Magnússon, Margrét Guðjónsdóttir. Varamaður Jón Freyr Jóhannsson

f.h stjórnar Gk. Glanna, Snorri Þórðarson

Golfklúbbur Borgarness

Stofnaður 1973

Stjórn klúbbsins skipa:

Formaður	Ingvi Árnason
Varaformaður	Björgvin Óskar Bjarnason
Ritari	Guðmundur Eiríksson
Gjaldkeri	Jón Haraldsson
Meðstjórnandi	Hans Egilsson

Inngangur

Að baki er 39. árið í rekstri klúbbsins. Það sem einkenndi þetta ár öðru fremur er hið mikla og góða umtal sem völlurinn okkar fékk meðal kylfinga. Aðsókn að vellinum jókst enn eitt árið. Veðrið var gott allt sumarið svo ekki hamlaði það aðsókn, en ég held hreint út sagt að aðsóknin ráðist fyrst og fremst af því að völlurinn okkar er sá vinsælasti á landinu í dag! Hvar svo sem við GB félagar hittum kylfinga sem höfðu leikið völlinn voru ummælin góð. „Fottur völlur“. „Það er svo gaman að spila í Borgarnesi“. „Ég leit alltaf á Borgarnesvöllin sem góðan sveitavöll, en ég koma þarna í sumar og upplifði að þetta er alvöru golfvöllur og er á meðal þeirra bestu á landinu“. Slíkt umtal skiptir miklu máli og er besta auglýsingin fyrir okkur.

Rekstur golfklúbbsins

Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir árið 2012 var gert ráð fyrir lækkun tekna frá fyrra ári, en að gjöld stæðu í stað. Undanfarin ár höfðu verið okkur hagstæð hvað varðar veður, sól og blíða alla daga og mikil aðsókn að vellinum. Vallargjöld eru okkar stærsti tekjupóstur og ræðst hann að nokkru af tíðafari og er ekki á vísan að róa að alltaf verði sól og blíða. Var því gert ráð fyrir nokkrum samdrætti tekna frá fyrra ári. Í áætluninni var gert ráð fyrir að reksturinn skilaði um 2 m.kr afgangi.

Niðurstaða ársreiknings er nú neikvæður um 1,8 m.kr. Tekjur voru nokkuð hærri en áætlað var, eða um 3,2 m.kr, þakkað sé góðri aðsókn gesta á völlinn. Rekstargjöld urðu all nokkuð hærri en áætlað var, eða 10,4 m.kr hærri. Þar munar mestu um hækkun á rekstarkostnaði vallarins og kostnaði vegna framkvæmda sem ráðist var í síðastliðinn vetur og vor. Ánægjulegt er að fjármagnskostnaður lækkar um 2,3 m.kr á milli ára.

Framkvæmdir, völlurinn, trjárækt

Framkvæmdir voru all nokkrar. Lokið var við endurbyggingu á teigum á 1., 5., 10., 11., 15. og 16. braut. Þá var unnið að stígagerð, settir upp nýjir bekkir við teiga. En sem fyrr var unnið ötullega að því að fegra og bæta völlinn og gera hann hagkvæmari í allri hirðingu. Aðgerðir flötum vallarins sem hafnar voru árið 2010 var fram haldið, þ.e. götun og sáning. Þá voru „grænu fingurnir“ hennar Ebbu að störfum að Hamri í sumar eins og undanfarin ár. Það var til þess tekið af gestum sem heimsóttu okkur í sumar, hvað völlurinn okkar er flottur, og á vart orð til að lýsa undrun sinni yfir þessari duldu

„golf-paradís“. Þar fer saman umhverfði, trjágróðurinn og síðast en ekki síst góð umhirða og smekkvísi. Og það kom loksins að því að svæðið fékk viðurkenninu umhverfis- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar sem „Snyrtilegasta lóð við atvinnuhúsnæði 2012“ Klúbburinn hafði fengið tilnefningar til þessarar viðurkenningar tvö undanfarin ár án þess að hreppa þau, en það vildi svo til nú að formaður og fylgdarlið voru ekki á staðnum í þetta sinn til að veita viðurkenningunni viðtöku. En það voru nokkrir félagar klúbbsins á staðnum og hlupu í skarðið. Þökk sé þeim

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri er eini starfsmaðurinn sem er ráðinn í fullt starf hjá klúbbum. Þrátt fyrir það varð að samkomulagi að hann tæki launalaust leyfi í 2 mánuði síðastliðinn vetur. Haukur Jónsson vallarstjóri var áfram hjá okkur í hlutastarfi, hann hóf vinnu á vordögum og vann fram á haust. Hann hverfur nú til annarra starfa, hefur verið ráðinn sem vallarstjóri hjá Nesklúbbum. Við þökkum Hauki frábært starf á liðnum árum og óskum honum velfarnaðar í nýju starfi. Aðrir starfsmenn hjá klúbbum voru: Gunnhildur Lind Hansdóttir, Atli Aðalsteinsson, Trausti Eiríksson, Ásmundur Guðmundsson, Eggert Sigurðsson, Jóhann Snæbjörn Traustason og Birgir Þór Sverrisson. Þessum starfsmönnum eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Auglýsingar og styrkir

Auglýsingar eru að skila klúbbum tekjum. Stærstu aðilarnir eru: Vífilfell, Núi-Síríus, Netto, Securitas, Flugleiðahótel, Norðurál, RARIK og Innnes.

Samningur við Borgarbyggð frá árinu 2007 um framlög vegna stækkunar vallarins í 18 holur er í gildi. Samningurinn er til 10 ára og er uppá 5 m.kr á ári (verðbætt). Þá styrkti Borgarbyggð unglingsstarf klúbbsins um 150 þús. kr.

Mótahald

Mótahald var með hefðbundnum hætti. Haldin voru 14 innanfélagsmót og 6 almenn opin mót á vegum klúbbsins. Auk þess var eitt GSÍ mót, „Sveitakeppni karla, 2. deid“ og eitt LEK mót, þ.e. mótarið eldir kylfinga. Eitt af markmiðum mótanefndar var að reyna að blása lífi í innanfélagsmót klúbbsins, m.a. að auka áhuga byrjenda á íþróttinni. Góð þátttaka var í flestum mótum og þá serstaklega í Meistaramóti klúbbsins og Bændaglímunni. Þá ber að nefna skemmtilega nýbreytni, en það er Vanur/Óvanur, sem er mótarið þar sem félögum er stillt upp í lið í skemmtilegum afbrigðum golfleiks. Nokkuð sem eflir félagsandann og kemur byrjendum af stað í íþróttinni. Gott framtak hjá mótanefnd.

Fjöldi félaga - vallartekjur

Félögum klúbbsins fylgandi um 5 frá fyrra ári, eru nú 160. Tekjur af vallargjöldum voru rétt tæpar 13 m.kr og hafa hækkað um 1,8 m.kr á milli ára. Vallargjöld eru nú að jafngildi um 216 félagi á fullu gjaldi. Haft er sem viðmið við rekstur 18 holu golfvalla að 400 félagi þurfi til að standa undir

rekstrinum, eða jafngildi þeirra í seldum vallagjöldum. Við erum nú með 376 „félagaígildi“ samkvæmt þessari reglu.

Golfskálinn – Hvíti Bærinn

Samningur er í gildi við „Hvíta Bærinn“ um rekstur golfskálans. Þar eru í forsvari þær Erla Jónsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir. Samningurinn gerir ráð fyrir að þær annist rekstur veitinga og gistinga í skálanum gegn föstu leigugjaldi og ákveðinni þjónustu hvað varðar afgreiðslu inn á golfvöllinn. Veitingahúsið „Hvíti Bærinn“ er margrómað fyrir góða þjónustu og frábæran mat. Fyrir hönd klúbbsins viljum við þakka ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Árangur félaga GB á árinu

Þau mæðginin Bjarki Pétursson og Fjóla Pétursdóttir urðu klúbbmeirarar árið 2012. Unglingarnir okkar voru að gera það gott. Bjarki Pétursson, okkar besti kylfingur, náði góðum árangri á árinu. Hann var fastamaður í landsliðinu í sínum aldursflokki og sýndi einna jöfnustu spilamenskuna í keppnum fyrir Íslands hönd. Hann var í öðru sæti á Íslandsmóti 17-18 ára unglunga. Bjarki henti sér í djúpu laugina með stóru strákunum og tók þátt í Eimskipsmótaröðinni og stóð sig með þryði. Arnór Tumi sýndi miklar framfarir á árinu og endaði í fimmtánda sæti í flokki 15-16 ára unglunga á Íslandsmótinu í höggleik og stóð sig frábærlega í Íslandsmótinu í holukeppni.

Sveitakeppni GSÍ fór fram í ágúst. Tvær sveitir tóku þátt í keppninni í ár. Sveit karla keppti í 2. deild sem fram fór á hér á Hamarsvelli dagana 10.-12. ágúst. Hafnaði sveitin í 5. sæti og er áfram í 2. deild. Sveit öldunga keppti í 2. deild eldri kylfinga sem fram fór í Stykkishólmi 17.-19. Ágúst. Sveitin lenti í 3. Sæti og er áfram í 2. deild.

Golfkennsla

Ekki var ráðinn sérstakur golfkennari til klúbbsins á árinu, en Kristvin Bjarnason annast kennslu fyrir börn og unglunga. Honum til aðstoðar voru Arnór Tumi Finnsson og Þorkell Már Einarsson

Samstarfsaðilar

Icelandair Hótel Hamar sem enn er í reynd eina „Golfhótel“ landsins hefur sett sinn svip á starfsemi klúbbsins. Hóтелиð hefur boðið kylfingum „Golf-pakka“, þ.e. golf, gisting og matur með ýmsum tilbrigðum. Vaxandi fjöldi sækir völlinn okkar heim með tilkomu hótelsins og eru þar vinahópar og fjölskyldur mest áberandi. Horfum við fram á áframhaldandi aukningu „golfhótelgesta“ á komandi árum. Eigendur að Hótel Hamri eru Sigurður Ólafsson og Ragnheiður K. Nielsen. Við þökkum þeim samstarfið á liðnu ári.

Samskipti við aðra klúbba

Samningar við aðra klúbba eru í aðalatriðum tvískiptir. Í fyrsta lagi eru það samningar þar sem klúbbar kaupa aðgang fyrir félagsmenn sína að Hamarsvelli og hins vegar þar sem um er að ræða gagnkvæma samninga um afslátt á vallagjöldum.

Samningar um kaup á vallagjöldum eru eftirfarandi:

- Golfklúbbur Icelandair Group
- Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
- Golfklúbburinn Keilir
- Golfklúbburinn Kjölur
- Golfklúbburinn Leynir
- Golfklúbburinn Oddur
- Golfklúbburinn Setberg
- Nesklúbburinn

Gagnkvæmir samningar eru eftirfarandi:

- Golfklúbburinn Mostri
- Golfklúbburinn Vestarr
- Golfklúbburinn Jökull
- Golfklúbburinn Glanni
- Golfklúbbur Bakkakots
- Golfklúbbur Selfoss
- Golfklúbbur Vestmannaeyja

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbs Borgarness.

Á næsta ári eru 40 ár frá stofnun klúbbsins, afmælisár. Þegar litið er til baka megum við vera stolt af klúbbum okkar. Við höfum verið farsæl í okkar gjörðum, líka svolítið lánsöm. Staðurinn, Hamar, sem við höfum haft til afnota er einstakur. Landið er ekki endilega það auðveldasta til að byggja golfvöll á, en fegurðin, allt vatnið sem við höfum úr að spila, útsýnið til allra átta. Og svo Hamarshúsið sem er hin glæsileg „varða“ fyrir staðinn okkar, blasir vel við vegfarendum svo eftir er munað. Okkur hefur tekist að byggja á þessum grunni einn fallegasta golfvöll landsins. Góð umhirða og snyrtimennska hefur fylgt á eftir. Félagar og gestir klúbbsins kunna að meta það sem vel er gert, það höfum við fengið að heyra oft á liðnu ári. Látum það verða okkur hvatningu til góðra verka á komandi árum.

Ég vil að lokum þakka stjórn, nefndum og öðrum félögum og velunnurum gott starf í þágu klúbbsins og samstarsaðilum öllum ánægjulegt samstarf.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness
Ingvi Árnason, formaður

Hestamannafélagið Faxi

Stofnað 1933

Stjórn félagsins 2012 skipuðu:

Kolbeinn Magnússon, formaður

Birna Tryggvadóttir, varaformaður

Anna Berg Samúelsdóttir, ritari

Þórdís Arnardóttir, gjaldkeri

Haukur Bjarnason, meðstjórnandi

Starf hestamannafélagsins Faxe var með frekar hefðbundnu sniði árið 2012.

Vesturlandssýning var haldin í Faxaborg í lok mars, en sýninguna héldu hestamannafélögin á Vesturlandi sameiginlega. Tókst hún einkar vel með metaðsókn og gott úrval gæðinga og kynbótahrossa ásamt skemmtiatriðum.

Æskulýðsstarf var nokkurt. Haldið var námskeið síðla vetrar í leðurvinnu þar sem börn og unglingar unnu tauma, múla o.fl.

Reiðnámskeið var haldið á Miðfossu fyrir börn og unglinga, auk þess sem börn og unglingar sem náðu að tryggja sér þátttökurétt á Landsmóti hestamanna var boðið upp á tilsögn hjá Sigvalda Lárussyni í Faxaborg fyrir mót. Úrtaka fyrir landsmót var haldin sameiginlega með hestamannafélögunum Skugga í Borgarnesi og Dreyra á Akranesi. Tveir fulltrúar úr hverjum flokki fengu þátttökurétt fyrir hönd Faxe.

Opin gæðingakeppni Faxe var haldin seinnipart júlí á Miðfossu. Þátttaka var nokkuð góð bæði frá félagsmönnum og gestum. Faxagleði var haldin í ágúst á Miðfossu þar sem keppt er í firmakeppni og kappreiðum. Þátttaka var góð og endað var með grilli og bjór/kók tölti í höllinni. Faxi átti fulltrúa á Íslandsmóti unglinga. Meðal annars íslandsmeistarann í slaktaumatölti unglinga, Konráð Axel Gylfason. Á Íslandsmóti fullorðinna sem haldið var á Vindheimamelum í Skagafirði átti Faxafélaginn Sigbjörn Björnsson hestinn Al frá Lundum sem bæði vann slaktaumatölt og fimmgang á mótinu.

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfi félagsins á árinu og eru þá ótalin ýmis nefndarstörf og minni viðburðir í félaginu.

Kolbeinn Magnússon formaður Hestamannafélagsins Faxe

Hestamannafélagið Skuggi

Stofnað 1990

Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi Skugga þann 04. desember 2012:

Stefán Logi Haraldsson, form.
Helga Björk Þorsteinsdóttir, ritari
Arnar Már Gíslason, gjaldkeri
Reynir Magnússon, meðstj.
Sigurbór Óskar Ágústsson, meðstj.

Varastjórn: Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir
Sigríður Jóna Sigurðardóttir

Stjórn félagsins sem kosin var á framhalds-aðalfundi Skugga þann 17. janúar 2012 var þannig skipuð:

Stefán Logi Haraldsson, form., Jón Guðjónsson, varaform., Helga Björk Þorsteinsdóttir, ritari, Arnar Már Gíslason, gjaldkeri og Reynir Magnússon, meðstj.

Varastjórn skipuðu þau: Sigurbór Óskar Ágústsson og Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir og voru þau einnig boðuð til allra funda stjórnar.

Starfsemi Hmf. Skugga á starfsárinu var lífleg og góð, um margt með hefðbundnu sniði, en þó nokkuð um ný viðfangsefni og nýbreytni á mörgum sviðum.

Stjórnin hélt á starfsárinu 10 bókaða stjórnarfundum, auk allmargra óformlegra funda með nefndum félagsins, stjórnnum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni.

Upplýsingastreymi til félagsmanna fór að mestu fram í gegnum heimasíðu félagsins og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Mikill metnaður er ávallt lagður í uppfærslu og upplýsingagildi heimasíðunnar og sem fyrr hafði Kristján Gíslason veg og vanda af því starfi öllu. Heimasíðan okkar hefur víða verið lofuð og er Kristjáni seint fullþakkað fyrir framlag sitt og eljusemi, á þessum vettvangi, fyrir okkur.

Beitarmál voru með hefðbundnu sniði á árinu og ásókn félagsmanna í hagabeit svipuð og á síðasta ári, heldur jókst ásókn í sumarbeitina en minnkaði í haustbeitina.

Beitarnefndin sér um að framfylgja leigusamningum okkar og endurleigja til okkar félagsmanna, gegn okkar gjaldskrá. Í lok síðasta árs var gengið frá leigusamningi um beitiland í landi Holts, til úthlutunar á sumarbeitar-hólfum, en einnig er þetta landsvæði nýtt til haustbeitar og verður svo líklega áfram. Formaður Beitarnefndar, ásamt undirrituðum, unnu ýtarlegt beitarýfirlit að beiðni fulltrúa Borgarbyggðar, þar sem fram kom skipting beitarhólfa sem falla undir beitarssamning við Borgarbyggð ásamt fjölda hrossa í hverju hólfu fyrir sig, þessum upplýsingum var síðan skilað til Umhverfisfulltrúa.

Núverandi beitarssamningur við Borgarbyggð átti að gilda út árið 2012, en þar sem honum var ekki sagt upp þá framlengdist hann um eitt ár, eða til ársloka 2013. Búið er að óska eftir endurnýjun á

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012

beitarsamningnum, við Umhverfisfulltrúa Borgarbyggðar og hefur það mál eitthvað verið rætt í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Mótahald á starfsárinu var mjög blómlegt og stóð mótanefndin fyrir um tíu mótum á tímabilinu, að meðtöldum KB mótunum í reiðhöllinni í samstarfi við Faxe og úrtöku fyrir Landsmótið í Reykjavík. Þrjú mót voru í mótariðinni; KB-mót í reiðhöllinni, í febrúar til apríl; Húsasmiðjumótið í reiðhöllinni 13. apríl; Skemmtimót hesthúsanna í reiðhöllinni í lok apríl – en það var mjög skemmtileg nýbreytni í félagsstarfinu og vonandi komið til að vera.



Árleg firmakeppni félagsins var haldin 01. maí og tókst vel til og allir höfðu gaman af.

Opið íþróttamót var síðan haldið um miðjan maí, með góðri þátttöku.

Gæðingamót félagsins var boðað í lok maí-mánaðar, en því miður féll það niður vegna lítillar þátttöku – en þess í stað var slegið upp óformlegu móti fyrir börnin og unglíngana með góðum árangri.

Þá var sameiginleg úrtaka hestamannafélaganna á Vesturlandi, fyrir Landsmótið, haldin undir stjórn mótanefndar Skugga, með glæsilegum árangri. Bikarmót Vesturlands fór síðan fram í Stykkishólmi, undir stjórn Snæfellinga, þann 25. ágúst s.l., en lítið kom til kasta okkar Skugga-manna þar, þó nokkrir félagar okkar hafi þar tekið þátt.

Starfandi var sérstök Vallarnefnd annað árið í röð og má með sanni segja að sú nefnd hafi haft í mörgu að snúast á starfsárinu og lyft hafi verið grettistaki í endurnýjun og umbótum á vallarsvæðinu okkar, hér við Vindásinn. Eiga þeir félagar í nefndinni, Pétur Sumarliðason, Halldór Sigurðsson og Reynir Magnússon sannarlega skilið mikið hrós og þakklaeti fyrir sinn óþrjótandi dugnað og fórnfýsi við að reka þessa framkvæmd áfram og þá félagsmenn sem þátt tóku í verkefninu. Ég get væntanlega talað fyrir munn okkar óbreyttra, sem komum að verkefninu, þegar ég segi að þarna var mjög krefjandi og lýjandi verkefni fyrir höndum, en jafnframt afar skemmtilegt og ekki hvað síst í lok verksins þegar glæsilegur árangur blasti við.

Viðbúið er að á næsta starfsári þurfi síðan að halda þessu verki áfram og klára það sem eftir er af gamla vellinum svokallaða.



Æskulýðsnefnd Skugga skilaði aldeilis frábæru starfi á árinu og stóð nefndin fyrir mörgum viðburðum og uppákomum. Knapamerki 1-3 voru haldin um veturinn og útskrifuðust 8 unglingar úr knapamerki 1 og 7 unglingar úr knapamerki 3 s.l. vor. Grunnskólinn sá um bóklega þáttinn en Heiða Dís Fjeldsted um þann verklega.

Farið var í ferð á Meistaradeildina svokölluðu í Ölfushöllinni, töltkeppnina, í lok febrúar og fóru í þá ferð 16 börn og unglingar og 14 fullorðnir. Nefndin stóð fyrir fjölskyldureiðtúr í mars-mánuði, með þokkalegri þátttöku og hressingu í félagsheimilinu að loknum reiðtúr. Haldinn var ratleikur á hestbaki, í apríl-lok og tóku þar þátt 4 lið. Í lok leiksins var síðan grillað við félagsheimilið og skemmtileg verðlaunaafhending í lokin.

Æskulýðsnefndin stóð svo fyrir reiðnámskeiði fyrir börn, þar sem þátt tóku 8 börn á aldrinum 5 – 11 ára og sá Heiða Dís Fjeldsted um það námskeið. Einnig var haldið námskeið fyrir meira vana, með keppnisþjálfun í forgrunni, en þar tóku þátt 10 börn og unglingar, en um það námskeið sá Sigvaldi Lárus Guðmundsson. Þá var haldið úti keppnisæfingum fyrir þau börn og unglinga sem stefndu á úrtöku fyrir landsmótið, sem Sigvaldi Lárus sá einnig um, en hann fylgdi síðan þeim börnum og unglingum sem kepptu á landsmótinu, alla leið á mótið með frábærum árangri eins og allir félagsmenn vita nú þegar. Allir þír keppendur okkar í barnaflokki, á Landsmóti, komust áfram í milliriðla, þau Arna Hrönn Ámundadóttir, Gyða Helgadóttir og Aron Freyr Sigurðsson. Gyða og Aron fóru síðan áfram í B-úrslit, sem Aron Freyr sigraði síðan og í framhaldinu endaði Aron Freyr í öðru sæti á landsmótinu, sem er aldeilis frábær árangur og svo sannarlega ástæða fyrir okkur í Skugga að vera stolt af börnunum okkar þarna.



Unglingarnir okkar, þau Axel Örn Ásbergsson, Atli Steinar Ingason og Sigrún Rós Helgadóttir stóðu sig einnig mjög vel í unglingsflokknum, á Landsmótinu, þar sem þau enduðu í 40-42 sæti, öll með sömu einkunn.

Annað árið í röð stóð nefndin síðan fyrir unglingsferð, aðra helgina í ágúst, en þar tóku þátt 6 drengir og 3 stúlkur á aldrinum 13 – 17 ára, ásamt fararstjórnunum Ásberg og Rúnari.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012

Til viðbótar við starfsemi Æskulýðsnefndarinnar má nefna að félagi okkar Bjarni Guðjónsson, endurvakti í sumar reiðnámskeið sín í júní og júlí. Stjórn félagsins reyndi að styðja við það starf hans með því að heimila honum að skammtímaþeita við vallar- og félagssvæðið okkar, meðan á reiðskólanum stóð.

Reiðvegamálin eru ávallt mjög vakandi málaflökkur í félagsstarfinu og var þar engin undantekning í ár og Reiðveganefnd Skugga ákaflega framtakssöm og drifandi í sínu starfi, við vinnu í viðhaldi og lagfæringum á reiðvegnum okkar, ásamt því að nýframkvæmdir hafa verið í gangi.

Reiðvegamálin á þessu svæði okkar eru mjög mikilvægur málaflökkur, sem nýtist öllum félagsmönnum Skugga, ásamt öðrum sem leið eiga um þetta svæði ríðandi og er verkefnalisti þeirra í reiðveganefnd því óþrjótandi og einungis fjármagn sem hamlar framvindu þessarra verkefna.

Umhverfisnefndin hélt hefðbundinn tiltektardag, laugardaginn 05. maí s.l., þar sem nokkrir félagar gerðu átak í fegrun hesthúsahverfisins og næsta nágrennis.

Í umgengis- og umhverfismálunum þurfum við alltaf að vera á varðbergi til að hesthúsahverfið og félagssvæðið okkar sé okkur ávallt til sóma. Nefndin beindi, í auglýsingu sinni, þeim vinsamlegu tilmælum til félagsmanna; að heyrúllum verði komið fyrir á þar til gerðu rúllustæði; að kerrur, dráttarvélar og önnur tæki verði staðsett á þar til gerðum kerruplönunum og að bílum sé alla jafna lagt í þar til gerð bílastæði í hesthúsahverfinu.

Samþykkt um hesthús og umgengni í hesthúsahverfi í Borgarbyggð, sem verið hefur í vinnslu síðan árið 2010, hefur nú loksins verið frágengin í endanlegri mynd, samþykkt af sveitarstjórn og undirrituð af Umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, þann 23. október s.l. Ber að fagna þessari reglugerð og skora ég nú á alla félagsmenn sem hlut eiga að máli að kynna sér þessar samþykktir og gera sitt allra besta til að framfylgja þeim ramma sem þar er settur. Þetta er jú gert í okkar þágu, hestamanna í Borgarnesi.

Ferðanefnd stóð að vanda fyrir nokkrum ferðaviðburðum á árinu, svo sem fjöruferð í Rauðanesfjörur á föstudaginn langa, ásamt síðsumarferð um Kolbeinsstaðahreppinn 17.-19. ágúst s.l., þar sem m.a. var riðið í kringum Hlíðavatn á laugardaginn. Þátttaka var nokkuð góð og ferðin hin besta skemmtun.

Fræðslu- og skemmtinefnd félagsins stóð fyrir uppskeruhátíð okkar, þann 26. okt. s.l., þar sem veitt voru viðurkenningar fyrir árangur barnanna og unglinganna á landsmótinu, ástundunarviðurkenning, ræktunarviðurkenningar kynbótahrossa, ásamt skemmtiatriðum, happdrætti og fleira. Var þarna um að ræða frábæra nýbreytni í starfi okkar og vonandi viðburður sem kominn er til að vera.



Kynbótanefnd bryddaði einnig uppá nýjung á starfsárinu, en þann 11. febrúar s.l. var efnt til ferðar á Snæfellsnesið, til að skoða þar ræktunarbú og hitta félagaga okkar í hestamenskunni á Nesinu. Þáttakan í ferðinni var mjög góð og rómuðu ferðalangar vel heppnað ferðalag. Kíkt var á hestabúgarði að Bergi, við Grundarfjörð, þar næst lá leiðin í hesthúsahverfið í Grundarfirði og að lokum var komið við í Hrísdal. Í Hrísdal hafði einmitt stjórn LH boðað til fundar með hestamönnum á Vesturlandi á sama tíma og heimsókn okkar fór þar fram. Þar ræddu Haraldur Þórarinnsson, formaður LH og Gunnar Sturluson, varaformaður LH, ásamt fleiri stjórnarmönnum LH, málin við hestamenn og urðu þar skemmtilegar umræður og líflæg skoðanaskipti.

Rafmagnsnefnd hefur haft sinn venjubundna starfa fyrir félagið, en auk almenns viðhalds hefur nefndin staðið fyrir nýframkvæmdum, nú í haust, við götulýsingu í neðri hluta hesthúsahverfisins.

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG hefur verið með miklum ágætum á líðandi starfsári og yrði of langt mál að telja upp alla þá viðburði sem þar hafa verið í gangi. Svo eitthvað sé upptalið þá get ég nefnt frábærlega velheppnaða Vesturlandssýningu, sem haldin var laugardaginn 24. mars 2012 í samstarfi við hestamannafélögin á Vesturlandi, við troðfullu húsi og komust færri að en vildu. Dansleikur var haldinn síðasta vetrardag og tókst þar vel til. Fólaldasýning var haldin í höllinni, hrossauppböð og margt fleira mætti sannarlega telja. Aðalfundur rekstrarfélagsins Seláss ehf., var haldinn 23. maí 2012 og þar urðu skipti á fulltrúum okkar í stjórn. Þeir Ingi Tryggvason og Ámundi Sigurðsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, enda búnir að skila aldeilis frábæru starfi fyrir reiðhöllina og félagið okkar, sem seint verður fullþakkað. Nýir stjórnarmenn Skugga í rekstrarfélagið eru Ingvar Jóhannsson og Bjarni Guðjónsson, í aðalstjórn og í varastjórn eru okkar fulltrúar þær Heiða Dís Fjeldsted og Svanhildur Svansdóttir. Þeirra bíður krefjandi verkefni, að halda kyndli þeirra Inga og Ámunda áfram hátt á lofti og er þeim þakkað fyrir að gefa kost á sér til þessara starfa og óskað velgengni. Það er ekki hægt að fjalla um reiðhöllina Faxaborg án þess að minnst á alla þá aðila sem hafa komið þar að starfi og lagt fram ómælanlega sjálfboðavinnu, okkar félagsmenn jafnt sem aðra og færa þeim bestu þakkir fyrir starfið og fórnfýsina. Ég vil þó taka sérstaklega út þau Inga, Ámunda og Margréti Grétarsdóttur og þakka þeim af heilum hug, en þau hafa að mínu viti staðið í fararbroddi fyrir því öflugra starfi sem fram hefur farið í höllinni, undanfarið.

Reiðhöllin Vindási ehf. er síðan félagið um eignarhaldið á reiðhöllinni Faxaborg og var þar haldinn aðalfundur, þann 25. september, s.l. Þar er nú allt í þokkalegu standi og hefur tekist að standa skil á öllum skuldbindingum þess félags og framundan að mannvirkið verði orðið skuldlaust í lok árs 2014. Undirritaður er fulltrúi Skugga í stjórn þess félags og til vara er Bjarni H. Johansen.

Félagsheimilið okkar hér við Vindás hefur verið undir stjórn Húsnefndar, með Margréti Grétarsdóttur í forystu. Farið var í endurnýjun á borðum og keypt 12 felliborð, en það er þónokkuð átak að endurnýja húsbúnað og viðbúið að það þurfi að gerast í áföngum. Þá var farið í endurbætur utanhúss nú í lok október og byrjun nóvember, en þá var skipt um timbur í þakskeggi og settar upp nýjar þakrennur. Framundan er síðan að mála þak og útveggi hússins, ásamt gluggum o.þ.h. Vinnusamur hópur félaga vann við endurbæturnar á þakskegginu, undir forystu Marteins Valdimarssonar og höfðu viðkomandi aðilar gaman af því verki.



Landsþing LH var haldið í Reykjavík dagana 19.-20. október s.l. og voru fulltrúar okkar Skugga-manna þar fjórir, Arnar M. Gíslason, Ámundi Sigurðsson, Ásberg Jónsson og undirritaður. Voru fulltrúar okkar vinnusamir á þinginu og þar bar hæst að í kosningu um Íslandsmót fullorðinna 2013 var valið að það færi fram hér í Borgarnesi, eftir umsókn Faxa-manna um mótið, með stuðningi frá okkur í Skugga. Íslandsmótið verður því haldið hér í júlí-mánuði n.k. Þá var einnig frágengið á þinginu að Fjórðungsmót Vesturlands yrði haldið á Kaldármelum í lok júní – byrjun júlí n.k. og munu öll hestamannafélögin á Vesturlandi standa saman að því mótaaldi, undir forystu Snæfellinga.

Af öðrum málefnum sem vert er að minnast úr starfi félagsins má telja upp eftirfarandi:

- Haldnir voru tveir formannafundir hestamannafélaganna á Vesturlandi, hér í Borgarnesi, þann 02. maí og 08. október s.l. Þar voru sameiginleg málefni félaganna rædd og má segja að það ríki góður samhljómur og samstaða félaganna á svæðinu.
- Námskeið var haldið hér í Félagsheimilinu, þann 02. maí s.l., í Kappa/Sportfeng fyrir félögin hér á Vesturlandi og mættu þar 16 þátttakendur og þar af 3 frá Skugga.
- Hestamannafélagið Skuggi beitti sér fyrir því að Borgarbyggð tæki til endurskoðunar álagningu á fasteignaskatti á hesthús í þéttbýli sveitarfélagsins, með góðum árangri, eins og þekkt er. Mætti formaður til fundar við Byggðaráð þann 09. febrúar 2012, til að koma á framfæri sjónarmiðum hesthúseigenda hér í Borgarnesi og afhenda sveitarstjórninni undirskriftalista sem safnað hafði verið meðal eigenda hesthúsa hér í hesthúshverfinu við Vindás og Selás.
- UMSB fór í gegnum mikla stefnumótunarvinnu á árinu og tóku fulltrúar úr stjórn Skugga þátt í sérstökum stefnumótunarfundum um framtíð sambandsins og samskipti við sveitarfélagið.
- Hestamannafélögin Skuggi og Faxi veittu hestahóp MB stuðning við nýhafið starf sitt, með útvegun á tímum til námskeiðahalds í höllinni og til undirbúnings fyrir framhaldsskólamót þeirra.

Farið hefur verið yfir það helsta í starfsemi félagsins á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að koma á framfæri. Starfsemi félagsins hefur verið góð að mati undirritaðs og framfarahugur í félagsmönnum.

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins, eða sinnt öðrum verkefnum fyrir það, á starfsárinu.

Stefán Logi Haraldsson, formaður

Ungmennafélagið Dagrenning


Stofnað: 1911

Starf Ungmennafélagsins Dagrenningar var blómlegt að vanda. Félagið er lítið en finna félagar margt að sýsla. Árið hófst auðvitað á áramótafagnaði í Félagsheimilinu í Brautartungu þar sem félagar á öllum aldri komu saman og fögnuðu saman áramótum, þökkðu samstarf og samverustundir á liðnu ári og litu glaðir til þess næsta.

Önnur vetrarverk félagsins voru svo auðvitað þorablót en það var haldið á þorrapræl, seint í febrúar. Blótið var eins og venjulega vinsælt, tæplega 200 manns sóttu blót en komust þó færri að en vildu enda Lunddælingar þekktir fyrir að geta skemmt sér og sínum. Á blóti í Brautartungu er mikið lagt upp úr metnaðarfullum skemmtiatriðum þar sem gert er grín að sveitungunum og þeirra helstu afrekum yfir árið og yfirleitt af nógu að taka og reynist Lunddælingum yfir höfuð létt verk að sjá spaugilegu hliðina á lífinu –og þá sérstaklega lífi nágrannanna.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars þar sem Guðmundur Þorsteinsson hætti formennsku og Birta Berg Sigurðardóttir þáverandi ritari tók við keflinu en nýr í stjórn kom Sigurður Ragnarson. Með hækkandi sól héldu áfram viðgerðir á samkomuhúsi félagsins. Sumarið 2011 var húsið klætt upp á nýtt að hluta en síðasta sumar var skipt um alla austur- og suðurglugga.

Haldið var upp á þjóðhátíðardaginn með hefðbundnum veisluhöldum og íþróttakeppni. Dagskrá hófst með bátakeppni. Bátakeppnin nýtur gríðarlegra vinsælda bæði hjá þátttakendum og ekki síður áhorfendum enda oft mikið lagt í bátagerðina auk þess sem tilburði keppenda oft með eindæmum tilþrífamiklir og keppnisskapið ríkjandi. Eftir bátakeppni keppa ungir sem aldnir í sér Lunddælskri útgáfu af hafnarbolta, reipitogi og þrautabraut. Áralöng hefð er fyrir því að keppa í víðavangshlaupi þennan dag og eru veitt verðlaun fyrir karla og kvennaflokk í íþróttinni. Hlaupið er frá Félagsheimilinu, út að brú Tunguár og til baka. Í ár hlutu verðlaun systkinin Jónas Arnþór og Jórunn Elva Guðmundsbörn frá Arnþórsholti. Hefð er fyrir því að allir komi með köku á hlaðborð þennan dag til að gæða sér á eftir hlaup en að þessu sinni komu allir með sitt á grillið og var mikil veisla þennan dag í félagsheimilinu.



Í lok sumars hélt Ungmennafélagið í ferðalag eins og oft áður. Farið var norður í Eyjafjörð þar sem settar voru upp tjaldbúðir á tjaldstæðinu í Ártúni. Þaðan voru farnar nokkrar skoðunarferðir, þ.á.m. út í Fjörður, á sauðfjárnúði að Höfða í Grýtubakkahrepp og á Ársskógsströnd. Um 20 manns fóru með í ferðina og var aldursbilið breytt.

Ungmennafélagar nýttu siglingareynslu frá 17. júní í rómantískri kvöldsiglingu á tjörninni í Ártúni

Á haustdögum komu félagar saman og gróðursettu hátt í 100 trjáplöntum í kringum félagsheimilið en stefnt er að því að gera meira skjól á tjaldsvæðinu og loka af lóð hússins.



Plönturnar voru að öllu leyti gefnar félaginu, sumar 100 ára afmælisgjöf frá Skógræktarfélagi Borgarfjarðar og aðrar frá félagsmönnum. Er þeim og öllum öðrum velunnurum félagsins sem stutt hafa dyggilega við starf þess og gert dýrar viðgerðir á félagsheimilinu mögulegar, sendar kærar þakkir fyrir stuðninginn.

f.h. Umf. Dagrenningar
Bjarnheiður Jónsdóttir, gjaldkeri

Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson

Stofnað 1910

Starf félagsins var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Aðalfundur félagsins var haldinn í Félagsheimilinu Lyngbrekku í mars mánuði. Á aðalfundi voru venjuleg aðalfundarstörf en fámennnt var á fundinum eins og mörg undanfarin ár. Núverandi stjórn skipa. Formaður Jóhann Pálsson. Aðrir í stjórn eru Svandís Bára Steingrímsdóttir ritari, og Einar Ole Pedersen gjaldkeri. Nefndir voru að mestu endurkosnar og nokkrar umræður urðu um ýmis mál.

Sökum veikinda formanns hefur það litla starf sem verið hefur verið sinnt af öðrum stjórnarmönnum, þó mætti formaður á sambandsþing.

Fulltrúar frá félaginu mættu á sambandsþing UMSB og einnig á formannafundi. Nokkrir félagar komu saman í júlí mánuði og tóku til á lóðinni við Lyngbrekku tíndu rusl og fleira. Einnig mættu nokkrir félagar umf. Egills Skallagrímssonar á 100 ára afmælishóf UMSB sem haldið var á árinu. Eins og skýrslan hér að ofan sýnir er ekki mikið starf á vegum félagsins en þó hefur það verið aðeins breytilegt á milli ára. Ungmennafélagarnir eldast eins og félagið sjáft þótt meðalaldur okkar nái ekki alveg aldri félagsins sjálfs.

Með góðri kveðju
F.h. stjórnar Umf. Egills Skallagrímssonar
Einar Ole Pedersen

Ungmennafélag Reykdæla

Stofnað 1908

Stjórnina skipuðu:

Hafsteinn Þórisson Formaður

Þórhildur Kristjánsdóttir varaformaður

Hanna Sjöfn Guðmundsdóttir gjaldkeri

Dagur Andrússon ritari

Hulda Hrönn Sigurðardóttir meðstjórnandi

Varamenn: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Sigfús Jónsson.

Alls voru haldnir 9 stjórnarfundir á árinu 2012.

Íþróttastarfið hefur verið ákaflega erfitt árið 2012, iðkendum fækkar og margir sem skrá sig yfir í Skallagrím. Formaður íþróttanefndar var Helgi Eyleifur Þorvaldsson.

Guðjón Guðmundsson, Hafsteinn Þórisson, Elvar Örn Birgisson, Sigrún Hjartardóttir og Jón Ingi Baldvinsson sáu um þjálfun hjá Reykdælum árið 2012.

Flestir sem æfa hafa verið dugleg að mæta á æfingar og staðið sig vel. Reykdælir hafa verið með tvo flokka á Íslandsmóti í körfubolta 7. og 8. fl karla. Einnig hafa krakkar farið og keppt á ýmsum mótum í frjálsum og sundi. Ekki var farið á mót í fótbolta þar sem aðeins er æfður fótbolti á sumrin og þátttaka frekar dræm síðasta sumar, en þónokkrir félagar hafa samt æft og keppt með Skallagrím til að komast á mót í yngri flokkum.

Í maí var haldin íþróttahátíð UMFR í annað sinn þar eru þeir sem staðið hafa sig vel á árinu 2011 voru verðlaunaðir. Veitt voru verðlaun fyrir góða ástundun, framfarir og síðast en ekki síst valinn íþróttamaður Umf.Reykdæla 2011, fyrir valinu var Helgi Guðjónsson.

Leikstarfið gekk frábærlega vel og var settur upp söngleikurinn, „Ekki trúá öllu sem þú heyrir“ eftir Bjartmar Hannesson á Norðurreykjum, leikstjóri var Þróstur Guðbjartsson. Alls voru 14 sýningar og var mjög góð aðsókn, sýningin endaði í 8 sæti yfir best sóttu sýningar hjá áhugamannaleikfélagi.

Þorrablótið var haldið 4. feb og komu um 160 manns á það, ýmiss skemmtiatriði og svo frábært ball með hljómsveitinni Ulrik frá Borgarnesi.

17. júní var haldinn hátíðlegur þar sem riðið var til messu en að henni lokinni var haldið í Logaland þar sem fólki bauðst að snæða þjóðlegan rétt í tilefni dagsins, hangikjöt með kartöflum og uppstúf, 99 manns borguðu fyrir matinn og er það þónokkuð færra en árið á undan.. Eftir ávarp fjallkonunnar var haldið út í leiki. Yngri deildin sá um ýmsa skemmtilega leiki svo sem reipitog, pokahlaup og aðra skemmtilega kappleiki. Í lokin kom hin ómissandi karamelluflugvél sem skaut miskunnarlaust á gesti sem skemmtu sér konunglega við þessa árás. Flugmenn vélarinnar að þessu sinni voru Snorri Kristleifsson og Elmar Snorrason.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012

Skógræktarnefnd Ungmennafélagsins var í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar að nytja skóginn okkar enda komin tími til að grisja hann og því um gott samstarf að ræða þar sem báðir aðilar hagnast á þessum skiptum. Nemendur nýttu síðan efniviðinn í hina ýmsu muni ásamt því að læra að grisja undir handleiðslu garðyrkjufraeðings.

Logaland var leigt út fyrir 5 ættarmót um sumarið og er húsið greinilega að verða vinsælt til þeirra nota.

Félagsvist var haldin í haust við góðar undirtektir og kom fólk víða að. Þar var um að ræða þriggja kvöldla vist og var fólk á öllum aldri sem mætti. Þarna áttum við virkilega góðar stundir með sveitungum og öðrum sem sóttu spilamenskuna. Félagið hefur sent fulltrúa sína á Ungmennasambandsþingin, formannafundi UMSB og ársþing og haustfundi Bandalags íslenskra leikfélaga.

Gleðifundur var að vanda haldinn 17. nóvember. Guðmundur Ingi Þorvaldsson sá um skemmtiatriðin, Óskar í Reykholti var með pistil og Kristín Ólafsdóttir fékk svo gesti til að spjalla um ágæti þess að búa í hinum ýmsu dölum og sveitum héraðsins. Hljómsveitin Loftskeytamenn sáu svo um að halda fólki á dansgólfinu fram eftir nóttu, skemmtun sem var til mikilli fyrirmyndar og nefndinni til sóma, en sorglegt hvað var léleg mæting, aðeins um 50 gestir á skemmtiatriðunum en svo fjölgaði aðeins á ballinu á eftir.

Jólamarkaður Ungmennafélagsins og basar Kvenfélagsins var haldinn 24.nóvember og var það hin besta skemmtun, þessi tvö félög tóku sig til og gerðu fína skemmtun saman í þeim tilgangi að safna aur til að laga aðstöðu og aðbúnað í Logalandi.

Á árinu voru þrennir tónleikar haldnir í Logaland og tókust þeir ágætlega. Í vor komu Ljótu hálfvitarnir og voru með frábæra tónleika sem voru vel sóttir og svo í haust komu Hundur í óskilum og ADHD, tónleikarnir með Hundi í óskilum voru mjög góðir og vel sóttir en ekki komu margir á ADHD sem Ungmennafélagið bauð sínum félagsmönnum að koma frítt inná.

Jólasveinar félagsins brugðu sér í kaupstaðinn, en svo kallar sveitavargurinn Borgarnes, að hitta börnin þegar kveikt var á jólatrénu við ráðhúsið. Katrín Eiðsdóttir, Þorvaldur Jónsson og Guðbjörg Elín Heiðarsdóttir fóru sem sveinar þetta árið og stóðu þau sig með mikilli þryði.

Skötuveisla var haldin að venju en nú í Logaland 21.des. 37 borguðu í skötuveislunni sem var sérlega notaleg kvöldstund og verður vonandi hægt að halda þessari skemmtun við á komandi árum.

Félagið á og rekur félagsheimilið Logaland í Reykholtssdal. Húsið nýtist okkur vel undir alla almenna félagsstarfsemi, dansleikjahald, fundi og fleira. Auk þess er nokkuð um útleigu til annarra félaga t.d. spilar Bridgefélag Borgarfjarðar vikulega í Logalandi, og eins hefur Freyjukórinn æft í húsinu vikulega núna í haust og verða áfram. Húsið var fyrrihluta árs undirlagt af leikstarfsemi eins og áður og vonum við að svo verði áfram á meðan fólk fæst í þessa tímafreku starfsemi, en leikdeildin er ein besta tekjulind ungmennafélagsins og meigum við vera verulega stolt af því ágæta fólki sem gefur sér tíma ár eftir ár að halda leiklistinni gangandi. Þá er húsið vinsælt fyrir ættarmót og fleiri samkomur.

Framkvæmdir í Logalandi:

Snemma árs var lokið við framkvæmdir sem fylgdu vatnstjóninu sem varð í eldhúsi Logalands. Jón Pétursson setti upp nýja hitastrengi á suður hluta þaksins svo ekki ætti að koma til vatns eða frostsKemmda þar í nánustu framtíð, einnig setti hann upp þau neyðarljós sem eftir átti að setja upp . Framkvæmdir tókust mjög vel og erum við ákaflega stolt af húsinu okkar, einnig var lokið við að útbúa sturtuaðstöðu á öðru salerninu á efri hæðinni. Og svo var litla geymslan ofan við sviðið gerð að leikmuna geymslu.

Ég vil að lokum þakka öllu því ágæta fólki sem hefur verið með mér í stjórn Umf.Reykdæla síðast liðin 3 og hálf ár fyrir samstarfið og vona að félagið haldi áfram að blómstra í framtíðinni.

F.h. stjórnar Ungmennafélags Reykdæla
Hafsteinn Þórisson

Ungmennafélagið Skallagrímur

Stofnað 1916

Í aðalstjórn Skallagríms eru:

Kristinn Óskar Sigmundsson

Jón Arnar Sigurþórsson

Anna Halldórsdóttir

Pálmi Þ. Sævarsson

Hafdís Kristjánsdóttir

Badmintondeild

Stjórn

Formaður: Sigríður Bjarnadóttir

Ritari: Inga Dóra Halldórsdóttir

Gjaldkeri: Ebba Pálsdóttir

Þjálfari deildarinnar er Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfari Arnór Tumi Finnsson. Starf deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Mikil fjölgun var á iðkendum í haust og yfirfullar æfingar.

Í haust héldum við í fyrsta sinn Miniton námskeið fyrir börn og byrjendur á aldrinum 3-8 ára. Fjöldi skráninga var 14 og heppnaðist það vel. Var það frumraun þjálfara og okkar í deildinni og verður stefnt að því að endurtaka það næsta haust.



Æfingar hjá börn og unglíngum hafa verið á mánudögum og miðvikudögum og er hópurinn ríflega 40 iðkendur. Sú breytinga var á æfingatöflu að æfingar færðust af föstudegi yfir á miðvikudag og hefur mælst vel fyrir. Helgi hefur séð um mánudagsæfingar en Arnór Tumi hefur séð um miðvikudagana og hefur Bjarni Guðmann Jónsson aðstoðað hann þar

Rekstur deildarinnar hefur verið góður. Æfingagjöld dekla ekki nema u.þ.b. 2,5 mánuð í þjálfarakostnað svo það þarf að halda vel á spöðunum í að ná endum saman það hefur tekist vel þetta árið. Ýmsar fjáraflanir voru í gangi á árinu, kökubasarar, hreinsunarstörf, firmakeppni, mandarínusala o.fl. Firmakeppni var haldin og voru alls 30 lið skráð til keppni frá 26 fyrirtæki mun færri en síðasta ár en þá var metþátttaka eða 47 lið. Borgarbyggð var sigurvegari þetta árið. Þökkum við öllum fyrirtækjum fyrir stuðningurinn.



Fréttabréf var gefið út 2svar sinnum og hefur mælst vel fyrir. Þar hefur verið sagt frá því sem er á döfinni, fréttir af starfinu, kynning á iðkendum og hitt og þetta.

Ákveðinn kjarni hefur sótt fjölmörg mót á árinu og hefur árangur þeirra verið með ágætum. Badmintonkona Skallagríms var valin Harpa Hilmisdóttir og hefur hún staðið sig afar vel á árinu og nú í lok ársins 2012 er hún í 1. sæti á stigalista Badmintonsambands Íslands í einliðaleik U15 og í 2. sæti í tvíliðaleik U17.



F.h. Badmintondeildar Skallagríms
Sigríður Bjarnadóttir

Knattspyrnudeild

Stjórn Knattspyrnudeildar Skallagríms skipuðu:

- Formaður, Kristmar Ólafsson frá byrjun janúar og fram í september. Haukur Þórðarson frá október og út árið.
- Gjaldkeri, Hilmar Arason
- Ritari, Berglind Ósk Óðinsdóttir
- Meðstjórnendur, Arnar Víðir Jónsson, Guðmundur Smári Valsson, Hjalti Rósinkrans Benediktsson, Hrafnhildur Tryggvadóttir og Jón Arnar Sigurjónsson.

Í hugum margra er knattspyrna sumaríþrótt sem liggur í dvala yfir vetrarmánuðina. Ekki eru mörg ár síðan að þetta átti við rök að styðjast en sú tíð er nú breytt. Með tilkomu gerfigrasvalla og knattspyrnuhalla er knattspyrna stunduð allt árið um kring og lítill munur á sumri og vetri hvað starfið varðar. Sífelld fjölgar verkefnum knattspyrnufólks yfir vetrartímamann og segja má að keppnistímabilið



nái frá nóvember og fram í september árið eftir. Knattspyrnudeild Skallagríms hefur fylgt þessari þróun eftir og rekur umfangsmikla starfsemi allt árið þó að hápunktur starfsins sé enn yfir sumartímamann. Aðstaða til knattspyrnuíðkunnar yfir vetrarmánuðina hefur batnað með tilkomu gerfigrasvalla en háveturinn er samt erfiður, sérstaklega þegar mikið snjóar. Knattspyrnudeildin hefur reynt að bregðast við þessu með fjölgun tíma í íþróttamiðstöðinni og eins með því að nýta reiðhöllina til æfinga. Tímar í þessum húsum liggja hins vegar ekki á lausu og skoða þarf með hvaða hætti er hægt að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu. Lítið

knattspyrnu- og fjölnotahús hlýtur þar að vera fyrst í forgangsröðinni þegar kemur að uppbyggingu íþróttamannvirkja, enda myndi slíkt hús leysa vanda fleiri greina en knattspyrnunnar einnar.

Meistaraflokkur

Knattspyrnusumarið 2012 var sérstakt hjá Skallagrími en í fyrsta skipti frá 1967 var meistaraflokkur ekki sendur til keppni á Íslandsmóti. Ástæðan fyrir því var sú að ekki reyndist nægjanlega mikill áhugi hjá heimamönnum að æfa og keppa til að réttlæta þann kostnað að halda úti liði. Á haustdögum kom síðan fram hópur leikmanna sem óskaði eftir því við stjórn að skoðað yrði á ný að senda lið til keppni. Eftir fund í september með væntanlegum leikmönnum sem sögðust tilbúnir í verkefnið var Einar Eyjólfsson ráðinn sem þjálfari meistaraflokks og æfingar hófust. Ef fram vindur sem horfir verður því Skallagrímur með meistaraflokk á nýjan leik í Íslandsmóti 2013 eftir stutt hlé.



Yngri flokkar

Að venju var yngriflokkastarf knattspyrnudeildar mjög umfangsmikið. Iðkendur hafa verið nokkuð færri yfir veturinn en fjölgar aftur þegar sól hækkar á lofti. Sú þróun hefur orðið síðustu árin að iðkendur stunda frekar eina íþróttagrein en margar, líkt og var, og virðist þar kostnaður ráða miklu. Það er áhyggjuefni ef íþróttaiðkun barna minnkar vegna kostnaðar enda mikilvægt að börn stundi fleiri en eina grein á þessu viðkvæmu mótunarárum. Knattspyrnutímabilið skiptist í grófum dráttum í þrennt. Helstu verkefni voru:

Janúar til maí.

Níu flokkar voru í skipulögðu starfi. Æfingar fóru fram á gerfigrasvellið við Grunnskóla Borgarness, í íþróttamiðstöðinni og í reiðhöllinni. Þau mót sem iðkendur knattspyrnudeildar tóku þátt í voru:

- Sex lið voru skráð í Faxafloamótið, tvö 7 manna lið og fjögur 11 manna lið. Erfiðlega gekk hjá 11 manna liðunum að ná að ná saman hópi og að endingu varð að draga þrjú þeirra úr keppni. Hjá sjömanna liðunum gekk hins vegar betur og fóru þau taplaus í gegnum sína riðla.
- Yngstu iðkendurnir tóku síðan þátt í hrað- og helgarmótum á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi og gekk almennt vel. Hjá yngstu iðkendum er leikgleðin ráðandi og úrslit liggja á milli hluta .



Júní til september.

Frá því í lok maí og fram í lok september fóru allar æfingar fram á grasi á Skallagrímssvelli. Allir flokkar æfðu fjórum sinnum í viku auk þess sem æfingar eru lengri

yfir sumartímann. Yfir sumartímann eru æfingar hjá yngri iðkendum á morgnana en þeir eldri sem byrjaðir eru að vinna æfa seinni part dags. Helstu verkefni voru:

- Sex lið voru skráð í Íslandsmót þ.e. 3., 4. og 5. flokkar karla og kvenna. Auk Íslandsmóts tók 5. flokkur karla þátt í N1 móti KA og stelpurnar í Pæjumóti í Eyjum og Síamóti UBK.
- 6. flokkur karla tók þátt í Bónusmóti Skallagríms, Shellmótinu í Eyjum, Smábæjarleikunum á Blönduósi og Atlantismóti UMFA
- 6. flokkur kvenna tók þátt í Bónusmóti Skallagríms
- 7. flokkur karla tók þátt í Bónusmóti Skallagríms, Norðurálsmótinu og hraðmóti Víkings
- 7. flokkur kvenna tók þátt í Bónusmóti Skallagríms
- 8. flokkur tók þátt í Atlandismóti UMFA

Október til desember

Haustið og byrjun vetrar eru rólegasti tíma knattspyrnufólks í Skallagrími. Lítið er um mót og yfirleitt fækkar iðkendum nokkuð á þessum tíma. Tíminn er samt vel nýttur, farið er á mót þegar það er hægt og æfingaleikir leiknir.



Árangur

Nokkuð góður árangur náðist hjá liðunum okkar á árinu, sérstaklega yfir sumarið. Strákarnir í 4. flokki komust í úrslit á Íslandsmóti og enduðu í 2. sæti og stelpurnar í 3. flokki komust sömuleiðis í úrslit og skiluðu bronsi í hús. Þá voru stelpurnar í 4. flokki hársbreidd frá því að komast í úrslit. Þessi lið kepptu öll í sjö manna bolta. Að auki náðist góður árangur á ýmsum mótum sem farið var á en of langt mál er að tína það allt til í þessari skýrslu.

Stöðug barátta er að ná nægjanlegum fjölda leikmanna til að fylla 20 manna hóp sem nauðsynlegur er til að halda liði úti 11 manna liðum í Íslandsmótum. Á undanförunum árum hafa árgangar minnkað og líkur eru á að sú þróun haldi áfram. Ef ekkert er að gert verður hlutskipti knattspyrnufólks í Skallagrími í auknum mæli að leika knattspyrnu í sjö manna liðum. Þessi þróun er áhyggjuefni og finna þarf nýjar leiðir til að fjölga iðkendum s.s. með aukinni þjónustu í dreifbýlinu og með samvinnu við nágrannalið okkar. Með bættum samgöngum opnast líka möguleikar á að efnilegasta og áhugasamasta knattspyrnufólkið okkar æfi og keppi með öðrum liðum þar sem boðið er upp á aðstæður sem þroska þau enn frekar sem íþróttamenn. Þeirri þróun þarf að mæta með opnum huga enda eru það þarfir og hagsmunir iðkenda sem skipta öllu máli í starfi deildarinnar.

Þjálfarar og starfsmenn

Það hefur verið lán Knattspyrnudeildar Skallagríms að hafa á að skipa hæfu og metnaðarfullu þjálfaraliði. Þeir þjálfarar sem störfuðu fyrir knattspyrnudeildina 2012 voru:

- Einar Eyjólfsson
- Guðmundur E. Guðjónsson
- Íris Gunnarsdóttir
- Ívar Örn Reynisson
- Sigurkarl Gústafsson
- Sólrún Halla Bjarnadóttir
- Svandís Björk Guðmundsdóttir
- Viktor Ingi Jakobsson

Þeim til aðstoðar hafa verið; Guðrún Hildur, Kristgeir og Ísak. Vallarstarfsmenn á Skallagrímsvelli voru Helgi Björn Ólafsson og Ísak Jakob Hafþórsson

Önnur verkefni

Mikil áhersla er ávallt lög á að þátttaka í starfi knattspyrnudeildar snúist ekki eingöngu um fótbolta. Meðal verkefna sem þannig eru unnin má nefna að æfingar eru reglulega brotnar upp með margvíslegum hætti s.s. með furðufatadögum, ferðum í bíó eða keilu, jólasveinar komu í heimsókn í desember og ótalmargt fleira. Flest slík verkefni eru af frumkvæði foreldraráðanna eða krakkanna sjálfra.



Sú hefð hefur skapast á undanförunum árum að bjóða öllum þátttakendum yngriflokkana á landsleik að lokahófi loknu. Engin breyting varð á því að þessu sinni og fóru 130 Skallagrímskrakkar og foreldrar þeirra á karlaleik Íslands og Noregs sem Ísland vann 2-0 með glæsilegum hætti.

Í júní bauð knattspyrnudeildin öllum iðkendum í þriðja flokki karla og kvenna í Arsenalskólann sem haldinn var á Akureyri í samvinnu KA og Arsenal. Knattspyrnudeildin greiddi nánast allan kostnað sem af þessari fimm daga ferð hlaust og vonandi verður áframhald á þessu verkefni.

Í nóvember var ákvörðun tekin um það að bjóða öllum krökkun í fyrsta og öðrum bekk að æfa frítt fram í mars á næsta ári. Tilgangurinn með þessu er að fjölga iðkendum í yngstu aldursflokkunum en nokkur fækkun hafði orðið þar auk þess sem knattspyrnudeildin vill með þessu bregðast við þeirri þróun að iðkendur hætti í íþróttum vegna kostnaðar.

Mótahald

Knattspyrnudeild hélt tvö mót á Skallagrímsvelli í sumar. Bónusmót Skallagíms fyrir 6. og 7. flokk stelpna og stráka var haldið í júní og var þátttaka nokkuð góð. Samkeppni á þessum markaði er mjög hörð og fjöldi móta í boði en ef vel er að staðið er möguleiki á að byggja mótahald upp að nýju eftir nokkur mögur ár á þeim markaði.

Skessuhornsmót sem voru árviss viðburður fyrir nokkrum árum síðan var endurvakið á Skallagrímsvelli í sumar. Mótið er fyrir eldri iðkendur „old boys“ og tókst í alla staði mjög vel.

Umfang

Umfang starfs knattspyrnudeildar er meira en margur hyggur. Fótbolti er heilsársíþrótt þar sem alltaf er eitthvað um að vera. Hver flokkur æfir 2-4 sinnum í viku eftir árstíma. Til viðbótar eru leikir í Íslandsmóti og fjölliðamótum auk fjölda æfingaleikja. Heildarfjöldi æfinga á árinu var 1600-1700 og leikir á Íslandsmóti eru 130-150. Til viðbótar þessu eru leikir á Faxaflóa- og fjölliðamótum auk æfingaleikja sem ekki eru færri en 150 á hverju ári. Ef þessum viðburðum er deilt niður á alla daga ársins má sjá að á hverjum einasta degi eru rúmlega 5 viðburðir á vegum knattspyrnudeildar Skallagríms vítt og breitt um landið.



Hjá Knattspyrnudeildinni störfuðu 8 þjálfarar á árinu þar af einn í fullu starfi stærstan hluta ársins. Yfir sumartímamann bætast tveir starfsmenn við í vallarumsjón og við önnur verkefni. Öll laun sem greidd eru af deildinni eru gefin upp til skatts svo starfsemin skilar hluta þeirra styrkja sem veitir eru til starfsins til baka í formi skattgreiðslna. Rekstur deildarinnar er því hluti að atvinnurekstri í sveitarfélaginu þó að lang stærstur hluti starfsins fari fram í sjálfboðastarfi.

KSÍ

Á undanförunum árum hefur KSÍ deilt út styrkjum til starfandi knattspyrnufélaga á landinu sem ætlaðir eru til styrktar barna og unglíngastarfi félaganna. Hluti styrkjanna kemur frá UEFA og er ætlaður félögum í efstu deild en KSÍ hefur bætt öðru eins við og deild því fjármagni út til félaga í öðrum deildum. Síðustu ár hefur Skallagrímur með þessum hætti fengið 800 þúsund í styrk frá KSÍ. Styrkir þessi eru í orði kveðnu ætlaðir til að styðja við rekstur á yngriflokkastarfi félaganna þar sem þeir eru bundnir því einkennilega skilyrði að renna eingöngu til félaga sem halda úti meistaraflokkum í Íslandsmóti. Af þessum sökum var Skallagrími í fyrstu ekki úthlutað neinum styrk þetta árið þar sem enginn meistaraflokkur var hjá félaginu. Með eftirgangssemi og eftir krókaleiðum fékk félagið síðan úthlutað 60% af upphæðinni sem það annars hefði fengið ef það hefði teflt fram liði í neðstu deild.

Á þeim árum sem Skallagrímur hefur fengið þennan styrk hefur KSÍ aldrei gert tilraun til að skoða í hvaða verkefni styrkurinn fer þ.e. ekki er gerð tilraun til að skoða hvort hann nýtist yngriflokkastarfi í landinu. Í raun er regluverkið frekar sniðið að því að styðja meistaraflokka félaganna en þá yngri. Félagar okkar á Snæfellsnesinu, sem reka eitt sameiginlegt yngriflokkastarf undir nafni Snæfellsness en þrjá meistaraflokka undir nöfnum Víkings, Grundarfjarðar og Snæfells, fá þrjá styrki á meðan Skallagrímur sem rekur svipað umfangsmikið yngriflokkastarf fær aðeins hluta eins styrks og með eftirgangssemi. Þannig komu 3,2 milljónir í hlut Snæfellingana á meðan Skallagrímur fékk 500 þúsund. Fleiri svipuð dæmi er að finna

annarsstaðar á landinu. Gagnrýnin beinist á engan hátt að félögum sem styrkinn hljóta heldur eingöngu regluverkinu um úthlutunina.

Því ber að fagna að KSÍ, eitt sérsambanda, hafi burði til að styrkja aðildarfélög sín með þessum hætti en framkvæmdin og regluverkið er í molum. Sé ætlunin að styðja starf með börnum og unglungum á styrkurinn að taka mið af því starfi en ekki meistaraflokksstarfi félaganna. Sé hinsvegar ætlunin að styðja meistaraflokka félaganna á það að koma hreint fram en menn ekki að berja sér á brjóst á fölskum forsendum. Það hlýtur að vera verkefni næsta ársþings KSÍ að breyta þessum reglum.

Þakkir

Starf Knattspyrnudeildar byggist á stuðningi og vinnu margra aðila. Sveitarfélagið, fyrirtæki og einstaklingar styðja starfið með beinum fjárframlögum og ýmsum öðrum hætti. Foreldrar leika stórt hlutverk í rekstri yngriflokkana og halda utan um stóran hluta þess starfs. Stjórnarfolk vinnum mikið og oft á tíðum vanþakklátt starf sem ekki ber mikið á. Þjálfarar deildarinnar leggja á sig mikla vinnu oft á tíðum utan venjulegs vinnutíma og þeirra þáttur verður seint fullþakkaður. Saman tekst öllum þessum aðilum að halda úti starfi sem skiptir samfélagið okkar gríðarlega miklu máli.

Ég hef verið svo lánsamur að fá að stýra þessari vinnu nú um nokkurn tíma. Ég ákvað hins vegar að hætta því starfi nú í haust vegna vinnu minnar. Við embætti formanns fram að næsta aðalfundi tók Haukur Þórðarson. Þar sem þessi skýrsla er mitt síðasta opinbera verkefni fyrir knattspyrnudeildina að sinni vil ég nota þetta tækifær og þakka stjórn deildarinnar og starfsmönnum, foreldrum og iðkendum kærlega fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á liðnum árum.

Fyrir hönd Knattspyrnudeildar Skallagríms
Kristmar Ólafsson

Körfuknattleiksdeild

Stjórn körfuknattleiksdeildar er þannig skipuð: Formaður er Björn Bjarki Þorsteinsson, gjaldkeri er Kristín Valgarðsdóttir, ritari er Sveinbjörg Stefánsdóttir. Meðstjórnendur eru Helga Halldórsdóttir og Bjarni Waage.

Yngri flokka ráð: Finnur Jónsson formaður/umsjónarmaður yngriflokkastarfsins, umsjónarmenn eru Anna Halldórsdóttir og Þóra Þorkelsdóttir.

Stjórn Körfuknattleiksdeildarinnar hefur einsett sér að halda rekstri deildarinnar í jafnvægi en jafnframt efla starfsemina og fjölga iðkendum. Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms er mjög einhuga í sínum störfum og ætlar á næstu misserum að stilla markiðum deildarinnar í hóf

og byggja markvisst upp yngri flokkana. Þó svigrúm sé til að halda úti meistaraflokkum karla og kvenna mun verða gætt fyllsta aðhalds í öllum rekstri.

Þó unnið sé þrotlaust starf af hálfu stjórnar og áhugasamra aðila til að láta enda ná saman, verður körfuknattleiksdeildin eftir sem áður að treysta á velvilja og fjárframlög frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Ekki má þó mikið út af bera í rekstri deildarinnar og mikilvægt að njóta áfram stuðnings sveitarfélagsins og fyrirtækja. Án þess stuðnings er rekstur slíkra félagasamtaka ekki mögulegur.

Innan Körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Um er að ræða áhugamannasamtök þar sem unnið er í sjálfboðavinnu. Frá tímabilinu 2009-2010 hefur iðkendum fjölgað gríðarlega, eða úr 110 í 180 núna tímabilið 2012-2013, en þetta viljum við þakka breyttum áherslum í starfsemi deildarinnar og ráðningu yfirþjálfara yngriflokka sem heldur utanum og samræmir allt starf yngriflokka deildarinnar.

Yngri flokkar

Eins og oft hefur komið fram þá hefur körfuknattleiksíþróttin borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel. Það hefur verið stjórn og yngri flokka ráði nokkuð áhyggjuefni hversu fáar stúlkur skila sér úr hverjum árgangi í íþróttagreinina en mikill meirihluti iðkenda er drengir og viljum leggja kapp á að fá til liðs við okkur fleiri stúlkur í körfuboltann

Nokkuð hefur verið um sameiginleg lið með öðrum félögum í kringum okkur, en það höfum við gert bæði til að hagræða tímum í íþróttahúsinu okkar sem er fyrir löngu orðið of lítið og yfirbókað.

Í vetur sameinuðumst við Reykdælum með lið í 8. Flokki karla.

Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Stjórn deildarinnar hefur eins og áður segir lagt mikið kapp á uppbyggingarstarf og eflingu yngri flokka og mun áfram leggja mikla áherslu á að auka fagmennsku í yngriflokkastarfinu auk þess að halda áfram að fjölga iðkendum eins og kostur er. Í ljósi þeirrar stefnu þá má geta þess að yfirþjálfari yngriflokka og þjálfari mfl. kk sóttu báðir þjálfaranámskeið á tímabilinu og eru duglegir að fylgjast með þróun á þessum vettvangi. Þess má einnig geta að öll þáttökugjöld í mótum eru greidd af körfuknattleiksdeildinni og falla ekki á iðkendur. Norðurlásmót var haldið

í Borgarnesi 9.des.2012 og mættu þar til leiks 180 krakkar á aldrinum 6-11 ára frá 6 félögum víðsvegar af landinum. Mótið tókst mjög vel og er stefnan að gera það að árlegum viðburði í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Jafnréttismál

Mikil áhersla hefur verið lögð á jafnréttismál í körfuknattleiksdeild á síðasta tímabili og liðum karla og kvenna gert jafn hátt undir höfði. Gætt hefur verið jafnræðis varðandi auglýsingar fyrir leiki meistaraflokka, aðgangssölu á leiki og umfjöllun á heimasíðu Skallagríms. Eins og fyrr sagði er það engu að síður áhyggjuefni hve illa gengur að fá stúlkur til að iðka íþróttina.

Fjármál/Fjáraflanir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla og kvenna. Auk þess hefur verið fitjað uppá ýmsum nýjungum í starfi deildarinnar til fjáröflunar og fjölbreytni. Má þar nefna Borgarnesblót sem er í umsjón sérstakrar þorablótsnefndar en nefndin skipleggur og undirbýr þorablótið með stjórn en leikmenn meistaraflokka karla og kvenna starfa á blótinu sjálfu. Þorablót var fyrst haldið í febrúar 2009 og hefur verið árlega síðan og verður vonandi áfram. Var það mikil upplýfting fyrir skemmtanalíf Borgnesinga og tekjuöflun fyrir deildina.

Sumarið 2009 hóf deildin söfnun á notuðum munum sem síðan voru seldir á nytjamarkaði sem haldinn var í Skallagrímssgarði samhliða Brákarhátíð. Nytjamarkaðurinn var svo fluttur í gamla sláturhúsið í Brákarey og hefur þar verið opið flesta laugardaga síðan í júní 2009. Það eru stjórnarmenn í körfunni ásamt stuðningsmönnum og foreldrum sem sjá um alla vinnu kringum markaðinn. Hefur nytjamarkaðurinn mælst vel fyrir og er orðinn þekktur meðal heimamanna og ekki síður ferðafólks. Má því segja að deildin hafi aukið við afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu auk þess

sem sala af markaðnum rennur öll til reksturs deildarinnar. Ótrúlega vel hefur gengið að fá muni gefna á markaðinn og kann fólk vel að meta þá nýtni sem kemur fram með rekstri slíks markaðar.

Meðal helstu fjáraflana/verkefna sem körfuknattleiksdeild hefur staðið fyrir:

- ✚ Þorablót – frá febrúar 2009 og árlega síðan. Þorablótsnefndin GIBB í forsvari.
- ✚ Nytjamarkaður – Opinn flesta laugardaga frá júní lokum 2009. Stjórn og foreldrar í afgreiðslu.
- ✚ Harðfisksala – fyrst í byrjun þorra 2009 og árlega síðan þá. Stjórn og leikmenn.
- ✚ Gulrótarsala - í október 2010 og árlega síðan. Leikmenn meistaraflokka.
- ✚ Heimilisvörur sala – frá 2009 gengið í hús og selt og síðar í fyrirtæki og á nytjamarkaði. Leikmenn meistaraflokka og á nytjamarkaði.

- ✚ Niðurrif og þrif á Byggingarfélagssins Borgfirðinga.
- ✚ Útgáfa á „Frákastinu“ seldar auglýsingar. Fréttablað körfuknattleiksdeildar sem gefið er út fyrir leiki. Umsjón hefur Bjarni Waage.

Ársreikningur deildarinnar fyrir rekstrarárið 2012 er ekki tilbúinn þegar þetta er ritað, staða deildarinnar hefur verið góð en rekstur úrvælsdeildarliðs í karlaflokki er mun kostnaðarsamari en rekstur 1. deildarliðs, vonir eru þó bundnar við að rekstur deildarinnar verði í jafnvægi, þökk sé mikilli og óeigingjönu starfi stuðningsfólks og goðum stuðningi fyrirtækja.

Áherslur næsta tímabils

Fjárhagslegar áherslur:

- Fjármál yngri flokka og meistaraflokka verða aðskilin.
- Yngri flokka ráð heldur utanum starfsemi yngri flokka, fjármál og mótahald.
- Meistaraflokksráð heldur utanum starfsemi meistaraflokka karla og kvenna, fjármál og mótahald.
- Stjórn körfuknattleiksdeildar í heild sinni heldur utanum sameiginleg verkefni deildarinnar, faglegar áherslur, sameiginleg fjármál deildarinnar og sérstakar fjáraflanir.
- Áhersla verður lögð á að halda rekstri í jafnvægi og efla yngri flokka á árinu.
- Hófs verður gætt í öllum rekstri og langtímamarkmið skoðuð reglulega.

Yngri flokkar.

Yngri flokka starf deildarinnar var öflugt eins og mörg undanfarin ár, þó er mismunandi hversu margir einstaklingar skila sér til æfinga úr einstaka árgöngum en aukning hefur orðið milli ára og eru nú um 180 iðkendur á öllum aldri og báðum kynjum að æfa körfubolta hjá deildinni. Stefnt er að því að fjölga iðkendum áfram á næsta tímabili en þó ber að nefna að takmarkaður tími í íþróttasal er töluverð hindrun í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

- Höldum áfram með starf yfirþjálfara yngri flokka og gengið frá ráðningu fyrir lok þessa tímabils ef fjármögnun tekst. Heldur hann utanum aukaæfingar í sumar fyrir þá sem vilja og undirbúning næsta tímabils.
- Foreldrahandbók gefin út.
- Lögð verður áhersla á þjálfaramenntun og þjálfarar studdir til þess að sækja þjálfaranámskeið.
- Markmið deildarinnar er að skrá sem flesta yngri flokka í mót næsta haust (2013-2014).
- Gjaldskrá verður stillt í hóf. Veittur er systkinaafsláttur, 50% fyrir annað systkini þriðja gjaldfrítt.
- Að körfuknattleiksdeild Skallagríms verði til fyrirmyndar hvað varðar faglegt starf, rekstur og þjálfaramál yngri flokka.
- Að öll framganga yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Meistaraflokkar.

Meistaraflokkur karla leikur í úrvalsdeild og er nú í harðri baráttu um að halda sæti sínu í úrvalsdeild. Mfl. karla er eins og árið áður með ungt lið ásamt nokkrum reynsluboltum, en þjálfari karlaliðsins er áfram Pálmi Sævarsson. Meistaraflokkur kvenna leikur í fyrstu deild, en í byrjun tímabilsins var tvísýnt um þáttöku þeirra á Íslandsmóti vegna fárra leikmanna sem voru tilbúnar við skráningu í mót. Það rættist úr því og er Finnur Jónsson þjálfari kvennaliðsins auk þess að sinna störfum verkefnisstjóra með yngriflokka starfi og að sinna starfi aðstoðarþjálfara hjá karlaliðinu. Fjöldi efnilegra ungmenna spilar með meistaraflokkunum og eigum við unga krakka sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni. Leiktímabili lýkur væntanlega nú í byrjun apríl.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

- Að utanumhald æfinga og leikja verði gert fagmannlega og með sóma.
- Að halda vel utanum leikmenn meistaraflokkana innan vallar sem utan.
- Að mfl. karla og kvenna verði samkeppnishæf í sínum deildum.
- Að efla áhuga almennings á íþróttinni.
- Að leikmenn meistaraflokka Körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Björn Bjarki Þorsteinsson

Leikdeild Skallagríms

Stjórn leikdeildar skipaði:

Jón Guðlaugur Guðbrandsson formaður

Eva Sóley Þorkelsdóttir ritari

Gunnlaug S. Gunnlaugsdóttir gjaldkeri

Ása Dóra Garðarsdóttir og Rögnvaldur R. Þorkelsson meðstjórnendur

Árið 2012 byrjaði á loka æfingum á leikverkinu Skugga Sveinn eftir Matthías Jochumsson sem við frumsýndum 6. janúar 2012 í Lyngbrekku. Í Skugga Sveini vorum við alls 17 leikarar og álíka margir aðrir sem komu að verkinu með einum eða öðrum hætti. Leikstjóri var Rúnar Guðbrandsson þetta var í fimmta skipti sem hann leikstýrir leikdeild Skallagríms. Alls voru 12 sýningar sem allar voru sæmilega vel sóttar þrátt fyrir að veður hafi oft sett strík í reikningin, kom fólk oft um langan veg til að líta þetta þekkta leikverk augum.

Aðalfundur leikdeildarinnar var haldin í Lyngbrekku 28. janúar 2012 þar fóru framm almenn fundarstörf ásamt kosningu stjórnar

Leikdeildinn keypti 3 ljóskastara og álstiga.

Í október byrjuðum við að æfa leikrit Nanna Systir gamanleik eftir Kjartan Ragnarsson og Einar Kárason. Í upphafi var æft í Félagsbæ 2-3 í viku en þegar leið á æfingartímann fluttum við okkur í Lyngbrekku til að komast á sviðið. Í desember var síðan byrjað að koma upp leikmynd, ljós og finna leikmuni.

Gunnlaug S. Gunnlaugsdóttir

Sunddeild Skallagríms

Stjórn Sunddeildar Skallagríms var skipuð:

Jóni Ásgeir Sigurvinsyni formanni

Stefaníu Nindel gjaldkera

Önnu Sigríði Hannesdóttur ritara

Margréti Guðrúnu Ásbjörnsdóttur og Ingu Sigríði Ingvarsdóttur meðstjórnendum

Guðbjörgu Guðjónsdóttur varamanni.

Þjálfarar voru: Þórkatla Dagný Þórarinsdóttir, Höfrungar, Íris Indriðadóttir, Selir og Helga J. Svavarsdóttir, Kópar

Auk héraðsmóta UMSB tóku keppendur frá Skallagrími þátt í Gullmóti KR í Laugardalslaug 10. – 12. febrúar og Landsbankamót ÍRB 11. – 13. maí, þar sem gist var í Reykjanesbæ. Ætlunin var að fara á vormót Ármanns, sem haldið var 24. – 25. mars en forsendur til þátttöku brustu vegna veikinda og meiðsla í keppendahópnum. 28. – 29. apríl fóru Höfrungar í æfingabúðir í Grindavík í samstarfi við sunddeildir Grindavíkur og Aftureldingar og þóttu þær heppnast mjög vel.

Páskasund var haldið fyrir páskana hjá Kópum og Selum en það er m.a. sundsýning fyrir foreldra og fengu iðkendur páskaegg að þátttöku lokinni. Kertasund var síðan haldið í desember þar sem krakkarnir fá að synda um með kerti og foreldrum var boðið að koma og horfa á og fá smákökur og kaffi og Svali fyrir börnin.

Helga J. Svavarsdóttir sundkennari hélt sundnámskeið í nafni deildarinnar fyrir 5 og 6 ára gömul börn í apríl og maí og var það mjög vel sótt og sáust miklar framfarir.

Fjáröflun hjá Sunddeildinni samanstóð af rækjusölu og hreinsun tjarnarinnar hjá Arionbanka. Þá var hin árlega friðarkertasala á sínum stað en sú fjáröflun er til styrktar Hjálparstofnunar kirkjunnar og fær deildin hluta sölutekna.

Sundæfingar hófust síðan af fullum krafti í september í öllum flokkum og var mikil fjölgun yngri iðkenda. Lionsmót Sunddeildar Skallagríms, sem haldið er árlega í byrjun nóvember, féll því miður niður vegna óveðurs sem lamaði samgöngur um allt land.

Stjórn Sunddeildar Skallagríms þakkar öllum fyrir gott samstarf á árinu 2012, sérstaklega sundfólkinu okkar, þjálfurum og foreldrum. Munum að stuðningur foreldra skiptir máli í íþróttaiðkun barna okkar og við megum ekki vanmeta getu og þor barna okkar þó að þau séu að taka sín fyrstu spor í íþróttum.

F.h. stjórnar Sunddeildar Skallagríms
Jón Ásgeir Sigurvinsson

Ungmennafélag Stafholtstungna

Stofnað 1912

Aðalfundur var haldinn 7. maí 2012 þar sem breytingar urðu á stjórnarskipan. Ásgeir Yngvi Ásgeirsson og Snorri Þ. Davíðsson fóru úr stjórninni og í þeirra stað komu Agnes Guðmundsdóttir sem formaður, Þorvaldur Hjaltason gjaldkeri og Kristín Kristjánsdóttir ritari.

Hin nýja stjórn hélt sinn fyrsta fund strax eftir aðalfundinn og að auki 2 aðra stjórnarfundir, ásamt því að halda uppi tölvusamskiptum.

Nýársbrenna var haldin 2. janúar 2012 við félagsheimilið Þinghamar, í samvinnu við björgunarsveitina Heiðar sem sá um flugeldasýningu og kvenfélag Stafholtstungna sem stóð fyrir félagsvist seinna um kvöldið.

Ungmennafélagið skipuleggur og sér um íþróttæfingar fyrir grunnskólanemendur á Varmalandi. Þjálfari vorannar 2012 var Böðvar Sigurbjörnsson og var boðið uppá fótbolta-, körfubolta- og frjálsíþróttæfingar. Á haustönn 2012 var Þorsteinn Kristjánsson þjálfari en mæting barna og sérstaklega unglunga var dræm og var þeim því hætt í lok október. Ástæðan var einnig sú að Borgarbyggð bauð upp á tólmstundaakstur frá Varmalandi í Borgarnes frá 1. september alla virka daga, strax að skóladegi loknum. Þessar ferðir eru greiddar af sveitafélaginu, vel nýttar af ungdómnum og frábært framlag hjá Borgarbyggð.

Frjálsíþróttæfingar voru sem fyrr yfir sumarmánuðina og um þjálfun sá Rakel Guðjónsdóttir. Einnig voru knattspyrnuæfingar sem Jóhannes Magnússon sá um. Öflugur hópur fór á Unglingalandsmótið á Selfossi og stóð sig með þryði. Æfingar sumarsins voru vel sóttar og enduðu með gríni og glenski og þátttöku foreldra.



17. júní hlaupið, 600 m hlaup 12 ára og yngri, var haldið þann 29. maí síðastliðinn á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara skólans, haldið síðasta skóladaginn, og var sigurvegari að þessu sinni Sigursteinn Ásgeirsson.

Í ár var Ármótið í frjálsum í okkar umsjá og var það haldið 16. júlí í Borgarnesi, skráðir voru 68 keppendur og vann hið frábæra lið Tungnamanna. Eftir mótið var grillveisla í Skallagrímssgarði í boði félagsins.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012



Ungmennafélagsreiðtúrinn sem átti að fara fram í júlí féll niður vegna rigninga og slagveðurs. Hann verður vonandi tvífeldur næsta sumar í staðinn.

Dósasöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflun ungmennafélagsins. Dósaáámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfum og á félagssvæðinu, og tæma þarf gámana aðra hverja viku yfir sumartímamann. Ungmennafélagar eru ávallt reiðubúnir til verksins og stóðu vel að dósasöfnun ársins.

Vegleg afmælishátíð var haldin í Þinghamri 3. apríl 2012 í tilefni 100 ára afmælis félagsins, en það var stofnað 4. apríl 1912. Afmælisnefnd var stofnuð, í henni voru Ásgeir Ásgeirsson, Erla Gunnlaugsdóttir og Guðrún Sigurjónsdóttir, og bar nefndin hitann og þungann af samkomunni og undirbúningi hennar. Veislustjóri var Kolfinna Jóhannesdóttir. Dagskrá afmælisins samanstóð af sögustund og má sérstaklega minnst á samantekt Jóns G. Guðbjörnssonar þar sem hann reyndi að stikla á stóru í sögu félagsins en af nógu var að taka. Ásgeir Ásgeirsson fór yfir sögu leikdeildarinnar með því að sýna brot úr uppfærslum félagsins sem til voru upptökur af. Einnig er í undirbúningi útgáfa á veglegu afmælisriti en það náðist ekki að sinni. Umsjón ritsins er í höndum Jóns G. Guðbjörnssonar. Félagið fékk margar góðar kveðjur við þetta tækifæri og gjafir í tilefni tímamótanna. Kvenfélag Stafholtstungna gaf kaffi og glæsilegar veitingar þessa ljúfu kvöldstund.

F.h. stjórnar
Agnes Guðmundsdóttir

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar

Stofnað 2009

Fjórdi aðalfundur Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar var haldinn þann 20. mars 2012 á Bjarneyjarsandi. Á fundinum var kosin stjórn, allir stjórnarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Stjórn skipti með sér verkum:

Þórdís Þórisdóttir, formaður

Lára Ottesen, gjaldkeri

Brynjólfur Sæmundsson, ritari

Guðmundur Sigurjónsson, stjórnarmaður

Þorleifur Baldvinsson, stjórnarmaður

Stjórnarfundir á árinu voru 3 og auk þess fóru margir tölvupóstar á milli stjórnarmanna milli funda. Formaður sat tvo formannafundi á árinu og var fulltrúi á sambandsþingi UMSB. Formaður sat í framtíðarnefnd UMSB sem var starfrækt allt síðastliðið ár.

Á árinu voru þessir viðburðir í boði á vegum félagsins:

Frá febrúar – apríl var opið hús í Heiðarborg fyrir börn á leikskólaaldri. Boðið var upp á að foreldrar gætu komið með börn sín og leikið í íþróttasalnum í ýmsum leikjum og þrautum. Aðsóknin í tímana var góð.

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar sá um framkvæmd Kvennahlaups ÍSÍ í Hvalfjarðarsveit. Hlaupið var þann 16. júní og var boðið upp á tvær vegalengdir 3 og 5 km. Hlaupið var frá stjórnsýsluhúsi og að Laxárþakka. Mjög góð þátttaka var í hlaupinu og voru þátttakendur um 40 að þessu sinni.

Í vor var körfubolti fyrir unglinga og fullorðna einu sinni í viku í íþróttahúsinu.

Frá janúar fram í apríl var Helga Harðardóttir, íþróttakennari með leikfiminámskeið í íþróttasalnum og sóttu um 20 konur tímana hjá henni.

Prufað var að bæta við opnunartíma í sundlaug og tækjasal til að nemendur í Heiðarskóla gætu nýtt betur íþróttaaðstöðuna. Af því tilefni bauð ungmennafélagið upp á leiðsögn í tækjasal í tvö skipti fyrir alla.

Sumarstarf

Í sumar bauð ungmennafélagið upp á æfingar í frjálsum íþróttum sem mæltist vel fyrir hjá börnum og unglingum. Ungmenni í sumarvinnunni fengu tækifæri til að koma á æfingar á vinnutíma.

Í sumar var einnig spilaður fótbolti tvisvar í viku á íþróttavelli félagsins á Saurbæ. Góð þátttaka var á þeim æfingum og mættu konur og karlar á öllum aldri til að spila.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2012

Ungmennafélagið tók, ásamt nefndum og félagasamtökum í sveitinni, þátt í að skipuleggja og halda utan um 17. júní dagskrá í Hvalfjarðarsveit.

Í sumar var fótboltavöllurinn í Saurbæ lagfærður. Völlurinn var málaður og mörkin löguð. Ungmennafélagið fékk styrk frá sveitarfélaginu til kaupa á nýjum fótboltabúningum fyrir félagið og hafa búningar og merki verið hönnuð. Verið er að ganga frá búningakaupunum.

Þórdís Þórisdóttir
formaður.

Skotfélag Vesturlands

Stofnað 2012

Skotfélag Vesturlands var stofnað í apríl 2012 og mættu um fimmtíu manns á stofnfundinn og ljóst að mikill áhugi var á þessu framtaki að stofna skotíþróttafélag hér á svæðinu, en þegar þetta er ritað eru félagar um áttatíu. Stjórn var kosin á fundinum og skipa stjórnina: Þórður Sigurðsson formaður, Ómar Jónsson ritari, Hilmir Valsson gjaldkeri og meðstjórnendur þeir Stefán Ólafsson og Jón Arnar Sigurbórsson.

Stjórnarfundir hafa verið haldnir reglulega og hafa einnig verið haldnir almennir félagsfundir.

Tekjuöflun.

Skotfélagið stóð fyrir skotprófum fyrir verðandi hreindýraskyttur síðastliðið sumar, og voru þrjár aðilar sem öðluðust prófdómarréttindi til að annast þau, en prófin voru haldin í nágrenni Borgarness á landi sem félagið fékk tímabundið að láni og skiluðu prófin tekjum fyrir félagið. Þá tók félagið að sér að þökuleggja svæði hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og skilaði það einnig tekjum fyrir félagið, svo hefur félagið fengið styrki frá fyrirtækjum og styrkti einstaklingur félagið um kr. 200þús. Þá mun félagið sjá um verklegan hluta skotvopnanámskeiðs sem haldið er fyrir nemendur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Aðstaða.

Félagið fékk úthlutað húsnæði hjá sveitarfélaginu Borgarbyggð til iðkunar innanhússkotfimi, í gamla sláturhúsinu í Brákarey og eru endurbætur og uppbygging á aðstöðunni í fullum gangi, þá hefur félagið óskað eftir svæði fyrir útiaðstöðu hjá sveitarfélaginu og eru þau mál í ferli. Þess skal getið að stefnt er á að halda fyrsta innanhússkotmótið þann fyrsta apríl í húsnæði Skotfélagsins.

Þórður Sigurðsson Formaður

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2012 og fleiri verðlaun

Tilnefndir voru 18 íþróttamenn til Íþróttamans Borgarfjarðar árið 2012 og eru þeir hér í stafrófsröð:

Bjarki Pétursson - Golf
Tinna Kistín Finnbogadóttir - Skák
Ármann Hagalín Jónsson og Erna Dögg Pálsdóttir - Dans
Arnar Þórsson og Hera Hlín Svansdóttir – Dans
Daði Freyr Guðjónsson og Sigrún Rós Helgadóttir – Dans
Konráð Axel Gylfason – Hestaíþróttir
Baldvin Ásgeirsson – Frjálsíþróttir
Fanneý Guðjónsdóttir – Frjálsíþróttir
Harpa Hilmisdóttir – badminton
Guðrún Hildur Hauksdóttir – Knattspyrna
Stella Dögg E. Blöndal – Frjálsíþróttir
Sólrún Halla Bjarnadóttir- Blak
Aníta Björk Pálínudóttir – Knattspyrna
Kristín Anna Sigurðardóttir – Knattspyrna
Anton Freyr Arnarson – Knattspyrna
Davíð Ásgeirsson – Körfuknattleikur
Sigmar Egilsson – Körfuknattleikur
Þórkátla Þórarinsdóttir – Körfuknattleikur

5 efstu í kjöri á Íþróttamanni Borgarfjarðar 2012:

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2012: Bjarki Pétursson, fyrir Golf
2. sæti: Tinna Kristín Finnbogadóttir, skák
3. sæti: Harpa Hilmisdóttir, badminton
4. sæti: Konráð Axel Gylfason, hestaíþróttir
5. sæti: Sigmar Egilsson, Körfuknattleik

Marabonbikarinn:

Stefán Gíslason í Reykjavíkumaraþoninu á tímanum 3.25.56

Æskubíkarinn:

Veittur fyrir góðan árangur í þremur greinum í frjálsum samanlögðum, veittur núna í 32. skiptið

Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir
Fyrir árangur í 60 m. hlaupi, hástökki og langstökki

Framfarabíkar í þremur greinum í frjálsum:

Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir fyrir framfarir í 60 m. hlaupi, 80 m. grindahlaupi og hástökki en bætingin í þessum samanlögðu þremur greinum er bæting um 201 stig. Skv. unglिंगastígatöflu.

Íslandsmeistarar í fyrsta sinn:

Ragnar Magni Sigurjónsson, Kristleifur Darri Kolbeinsson og Sveinbjörn Sigurðsson
Íslandsm. í víðavangshlaupi, sveitakeppni 13 ára stráka.

Konráð Axel Gylfason, Íslandsmeistari ungl. í slaktaumatölti á Smelli frá
Leysingjastöðum

Danspör: Elís Dofri G. Gylfason og Þórunn Birta Þórðardóttir börn 2A latín og standard
Þórunn Tinna Jóhannesdóttir og Elísabet Kristjánsdóttir Börn 2BD Latín og standard
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir og Melkorka Sól Pétursdóttir Ungmenni A standard og
fullorðnir A standard
Þorkell Már einarsson og Filippía Svava Gautadóttir Ungmenni B latín og standard.

Áritanir á ársreikning UMSB 2012

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2012 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 1,4 millj.kr. og eigið fé í árslok er 7,9 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir formaðurinn ársreikninginn hér með fyrir hönd stjórnarinnar.

Borgarnesi, 7. mars 2013.

Formaður



Við höfum aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.


Borgarnesi, 7. mars 2013.



KPMG ehf.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2012. Teljum við á sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2012 og efnahag þess í árslok 2012. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 7. mars 2013.



Rekstrarreikningur

	Skýr.	2012	2011
REKSTRARTEKJUR			
Félagaskattur	1	1.140.650	1.423.350
Framlög og styrkir	2	3.521.683	2.886.488
Lottó	3	4.719.583	5.023.730
Tekjur v/íþróttu og móta	4	1.521.807	1.304.134
Húsa- og vallarleigutekjur	6	265.000	405.000
Aðrar tekjur	7	1.774.250	1.145.442
Rekstrartekjur alls		<u>12.942.973</u>	<u>12.188.144</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	8	2.565.054	3.932.257
Útdeiling á Lottó	9	3.870.458	4.190.889
Áhöld og tæki	11	158.782	71.261
Þátttaka í mótum	12	655.484	39.793
Kostnaður v/mótahalds	13	347.239	780.778
Rekstur mannvirkja	14	469.118	842.924
Rekstur skrifstofu	15	544.197	435.041
Kynnig, fræðsla og útbreiðsla	16	2.225.395	86.078
Kostnaður v/samkeppnisrekstur	17	145.000	604.790
Önnur gjöld	18	28.119	21.664
Afskriftir	19	134.147	174.348
Rekstrargjöld alls		<u>11.142.993</u>	<u>11.179.823</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<u>1.799.980</u>	<u>1.008.321</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur		13.272	10.923
Vaxtagjöld - dráttarvextir	(17.778)	(7.938)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímalánum	(398.068)	(294.984)
	(402.574)	(291.999)
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>1.397.406</u>	<u>716.322</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2012	2011
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	21	9.836.293	9.970.440
Fastafjármunir alls		<u>9.836.293</u>	<u>9.970.440</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Vörubirgðir	23	70.000	215.000
Skammtímakröfur	24	903.333	1.565.464
Handbært fé	25	2.626.857	81.264
Veltufjármunir alls		<u>3.600.190</u>	<u>1.861.728</u>
Eignir samtals		<u>13.436.483</u>	<u>11.832.168</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé		656.373	(59.949)
Leiðr. frá fyrra ári		1.033.000	0
Endurmatsreikningur		4.773.027	4.773.027
Tekjuafgangur ársins		1.397.406	716.322
Eigið fé alls		<u>7.859.806</u>	<u>5.429.400</u>
LANGTÍMASKULDIR			
SM34661		2.491.483	2.616.813
Langtímaskuldir alls		<u>2.491.483</u>	<u>2.616.813</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Ógr. laun og launatengd gjöld	26	181.020	876.773
Virðisaukaskattur	27	0	25.975
Viðskiptaskuldir		820.933	861.184
Afreksmannasjóður	28	2.083.241	2.022.023
Skammtímaskuldir alls		<u>3.085.194</u>	<u>3.785.955</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>13.436.483</u>	<u>11.832.168</u>

Sundurliðanir

	2012	2011
1. Félagaskattur		
Félagaskattur	1.140.650	1.423.350
Félagaskattur alls	<u>1.140.650</u>	<u>1.423.350</u>
2. Framlög og styrkir		
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	301.059	315.854
Styrkir UMFÍ	100.000	0
Styrkir, bæjarfélag		
Styrkir frá sveitarfélögum	1.000.000	800.000
Styrkir, bæjarfélag alls	<u>1.000.000</u>	<u>800.000</u>
Aðrir styrktaraðilar		
Aðrar tekjur	2.020.624	1.770.634
Styrkir v. stefnumótunar án vsk	100.000	0
Aðrir styrktaraðilar alls	<u>2.120.624</u>	<u>1.770.634</u>
Framlög og styrkir alls	<u>3.521.683</u>	<u>2.886.488</u>
3. Lottó		
Lottó ÍSÍ	1.826.397	1.932.865
Lottó UMFÍ	2.893.186	3.090.865
Lottó alls	<u>4.719.583</u>	<u>5.023.730</u>
4. Tekjur v/íþróttá og móta		
Tekjur v. móta - skráningargj	474.307	36.574
Unglingalandsmót	360.500	114.000
Æfingagjöld	0	373.960
Frjálsíþróttaskóli - þátt.gjöld	537.000	629.600
Frjálsíþróttaskóli - styrkir	150.000	150.000
Tekjur v/íþróttá og móta alls	<u>1.521.807</u>	<u>1.304.134</u>
6. Húsa- og vallahleigutekjur		
Húsaleiga	265.000	405.000
Húsa- og vallahleigutekjur alls	<u>265.000</u>	<u>405.000</u>
7. Aðrar tekjur		
Ýmsar tekjur	63.750	124.787
Vörusala		
Seldur íþróttafatnaður	76.500	81.401
Vörusala alls	<u>76.500</u>	<u>81.401</u>
Aðrar VSK tekjur		
Auglýsingar í símaskrá	0	662.254
Símaskrá styrktarlínur	0	277.000
Styrkir v. stefnumótunar m. vsk	1.634.000	0
Aðrar VSK tekjur alls	<u>1.634.000</u>	<u>939.254</u>
Aðrar tekjur alls	<u>1.774.250</u>	<u>1.145.442</u>
8. Laun og verktakagreiðslur		
Laun		
Laun skrifstofu	1.894.258	1.817.280
Laun þjálfara	145.600	296.054
Tryggingagjald	159.421	239.340
Lífeyrissjóður	164.782	164.107
Orlofs- og sjúkrasjóður	26.708	18.053
Slysatryggingar	8.645	8.211
Laun alls	<u>2.399.414</u>	<u>2.543.045</u>

Sundurliðanir

	2012	2011
Bifreiða- og aðrir styrkir		
Bifreiðakostnaður	100.660	228.848
Bifreiðastyrkir þjálfara	64.980	469.144
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	165.640	697.992
Verktakagreiðslur og annar kostnaður		
Kostnaður v. stjórnar	0	691.220
Verktakagreiðslur og annar kostnaður alls	0	691.220
Laun og verktakagreiðslur alls	2.565.054	3.932.257
9. Útdeiling á Lottó		
Aðildarfélög v. lottó	2.235.180	2.429.649
Afreksmannasjóður v. lottó	233.612	251.606
Sérverkefnasjóður v. lottó	1.401.666	1.509.634
Útdeiling Lottó alls	3.870.458	4.190.889
11. Áhöld og tæki		
Búningar	134.436	34.120
Áhaldakaup og viðhald	1.613	19.197
Önnur áhöld	3.891	0
Vátryggingar áhalda	18.842	17.944
Áhöld og tæki alls	158.782	71.261
12. Þátttaka í mótum		
Ferðakostnaður innanlands		
Uppihald	17.464	0
Ferðakostnaður innanlands alls	17.464	0
Skráningargjöld	302.020	39.793
Skráningargjöld ULM	336.000	0
Þátttaka í mótum alls	655.484	39.793
13. Kostnaður v/mótahalds		
Verðlaunapeningar	269.850	255.149
Annar mótahaldskostnaður		
Kostnaður v. móta	16.590	8.563
Íþróttaskóli	60.799	363.789
Landsmót	0	127.877
Rathlaup	0	25.400
Annar mótahaldskostnaður alls	77.389	525.629
Kostnaður v/mótahalds alls	347.239	780.778
14. Rekstur mannvirkja		
Rekstur Mannvirkis #1		
Tryggingar	42.333	87.618
Rafmagn	63.971	57.446
Híti	46.696	39.104
Viðhald	0	364.402
Vatns og fráveitugjöld	62.468	55.495
Sameiginlegur kostnaður	253.650	238.859
Rekstur mannvirkis alls	469.118	842.924
Rekstur mannvirkja alls	469.118	842.924

Sundurliðanir

	2012	2011
15. Rekstur skrifstofu		
Sími	126.297	110.248
Ritföng	125.971	56.785
Póstkostnaður	34.451	17.299
Kostnaður v. funda	88.401	68.000
Kaffikostnaður	4.880	5.122
Tölvukostnaður	19.791	0
Bókhaldskostnaður	144.406	70.000
Kostnaður v. ársskýrslu	0	79.497
Annar skrifstofukostnaður	0	28.090
Rekstur skrifstofu alls	<u>544.197</u>	<u>435.041</u>
16. Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
Ferðakostnaður v/námskeiða	12.300	0
Fréttabréf	80.525	0
Heimasíða	27.178	28.178
Nefndakostnaður		
Þing og samráðsfundir	71.960	57.900
Nefndakostnaður alls	<u>71.960</u>	<u>57.900</u>
Kostnaður v/námskeiðshalds		
Námskeið	15.000	0
Kostnaður v/námskeiðshalds	<u>15.000</u>	<u>0</u>
Annar fræðslu- og útbreiðslukostnaður		
Kostnaður v. 100 ára afmælis	384.432	0
Kostnaður v. stefnumótun m/vsk	1.634.000	0
Annar fræðslu- og útbreiðslukostnaður alls	<u>2.018.432</u>	<u>0</u>
Kynnig, fræðsla og útbreiðsla alls	<u>2.225.395</u>	<u>86.078</u>
17. Kostnaður v/samkeppnisreksturs		
Kostnaður v/auglýsingaöflunar		
Símaskrá og jólamerki	0	604.790
Kostnaður v/auglýsingaöflunar	<u>0</u>	<u>604.790</u>
Kostnaður v/vörusölu		
Birgðabreyting	145.000	0
Kostnaður v/vörusölu	<u>145.000</u>	<u>0</u>
Kostnaður v/samkeppnisrekstur alls	<u>145.000</u>	<u>604.790</u>
18. Önnur gjöld		
Þjónustugjöld banka	12.259	21.664
Annar kostnaður	15.860	0
Önnur gjöld alls	<u>28.119</u>	<u>21.664</u>
19. Afskriftir		
Afskriftir áhalda og innréttinga	134.147	174.348
Afskriftir alls	<u>134.147</u>	<u>174.348</u>
21. Varanlegir rekstrarfjármunir		
Borgarbraut 61	8.614.928	8.614.928
Hluti í Þinghamri	4.001	4.001
Safnahús	3.000	3.000
Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
Tölva og fylgihlutir	61.410	68.233
Húsgögn	42.682	47.425

Sundurliðanir

	2012	2011
Tjald	46.807	52.008
Íþróttaráhöld	1.056.422	1.173.802
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	9.836.293	9.970.440
23. Vörubirgðir		
Búningar	70.000	215.000
Vörubirgðir alls	70.000	215.000
24. Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	903.333	1.565.464
Skammtímakröfur alls	903.333	1.565.464
25. Handbært fé		
Reikn nr. 59	1.878.300	(588.081)
Peningamarkaðsreikn 55204	748.557	669.345
Handbært fé alls	2.626.857	81.264
26. Ógr. laun og launatengd gjöld		
ógreidd laun	121.125	137.877
ógr. lífeyrissjóður	15.466	71.830
ógr. félagsgjöld	3.507	10.814
ógr. staðgreiðsla	0	28.681
ógr. tryggingagjald	10.727	(63.649)
ógr. vegna stjórnar	0	691.220
Annað ógreitt	30.195	0
Ógr. laun og launatengd gjöld alls	181.020	876.773
27. Virðisaukaskattur		
Uppsafnaður virðisauki	0	25.975
Virðisaukaskattur alls	0	25.975
28. Afreksmannasjóður		
Staða í upphafi árs	2.022.023	1.935.424
Framlög v/Lottó	233.612	251.606
Styrkir	(185.000)	(175.000)
Vextir	12.606	9.993
Afreksmannasjóður í lok árs	2.083.241	2.022.023